

LINGUAPHONE

Námsskeið
í íslenzku
Æfingar

Námsskeið í íslenzku

Æfingar

Samið hefur
dr. STEFÁN EINARSSON,
prófessor í norrænum fræðum við
The Johns Hopkins University, U.S.A.

Samstarfsmenn:

BJÖRN BJÖRNSSON, stórkáupmaður í Lundúnum;
ROBERT ARNFINNSSON, leikari; HERDIS ÞORVALDS-
DÓTTIR, leikkona; HELGA BACHMANN, leikkona;
HELGI SKILASON, leikari.

LINGUAPHONE INSTITUTE

Linguaphone Institute Limited
St Giles House
50 Poland Street
London W1V 4AX

© MCMLV Linguaphone Institute Limited, London

All rights reserved. No part of this publication, or related recorded material, may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted in any form or by any means electronic, mechanical, photocopying, recording or otherwise, without the prior permission of Linguaphone Institute Limited.

This impression 1989

LSN OIC11P10

Printed and bound in Great Britain by
Biddles Ltd, Guildford and King's Lynn

FORMÁLI

Fyrirmynadar kennsluaðferð í útlendu tungumáli ætti að fylla þessi nauðsynlegu skilyrði:—

(1) Hún ætti að vera nothæf til sjálfsnáms ekki síður en til kennslu á skólabekk, og hún ætti að fylgja beztu dænum í nýtizku tungumálanámi.

(2) Hún ætti að veita mönnum leikni í því að tala um hversdagslega hluti, en um leið kynna mönnum aðalatriði málfræði og setningafræði í stuttu og ljósu máli.

(3) Hún ætti að kenna nemandanum að hugsa á útlenda málinu án þess að nota þýðingu, með því að venja hann frá öndverðu við að tengja útlendu orðin, sem hann lærir, við hlutina eða verkin, sem þau eiga við. Á þann hátt nær hann valdi að tala málid eðlilega og ósjálfrátt—eins og hann lærði sitt eigið mál, þegar hann var barn.

(4) Loks ætti að kenna nemandanum að tala hina útlendu tungu með réttri áherzlu og hreim.

Linguaphone-aðferðin, að kenna tungumál með þar til gerðum talplötum og kennslubókum, fyllir öll þessi skilyrði aðdáanlega vel.

Linguaphone-námsskeið eru nú gefin út á meira en tuttugu tungumálum og notuð í nær öllum löndum. Helztu háskólar og fjölmargir skólar, æðri sem lægri, víða um heim hafa notað þau við kennslu sína.

ÍSLENZKA NÁMSSKEIÐID

Íslenzka Linguaphone-námsskeiðið er samið af dr. Stefáni Einarssyni, prófessor í norrænum fræðum við The Johns Hopkins University, U.S.A. Dr. Stefán skrifsaði Æfingarnar, Orðasöfnin, sem fylgja þeim, og Skýringarnar.

Námsskeiðið má nota jafnt fyrir börn og fullorðna, fyrir hreina byrjendur og fyrir þá, sem hafa nokkra málfræði-þekkingu fyrir, en vilja gerast leiknir í talmálinu.

Í námsskeiðinu eru lýsingar í ræðum og samtölum, og hefur þetta verið tekið upp á símmatán plötur með tali báðum megin. Auk þess er sérstök Hljóðfræði-plata, tölud af Jóni Júl. Þorsteinssyni.

Textarnir eru á liðugu, eðlilegu og þó ramm-íslenzku máli, sem mundi talað af menntuðum mönnum við svipuð tækifæri. Hagnýt málfræði er gefin smám saman í hverri æfingu og lærist af nemandanum um leið. Bækurnar, sem fylgja námsskeiðinu—þar með talin

Icelandic Stefáns Einarssonar—gefa ítarlegar skýringar á málfræði-legum atriðum, talsháttum og því um líku. Myndirnar, sem dregnar hafa verið af kunnum listamanni, Herbert Gwynn, eru snar þáttur af námsskeiðinu og gegna þar mikilvægu hlutverki.

Ítarlega tilvísun um notkun bókanna í sambandi við plötturnar er að fá í *Fræðslu fyrir nemendur*, sem látin er fylgja námsskeiðinu.

Til þess að auðvelda nemandanum að fylgjast vel með orðum þeim, sem tölud eru af plötunum, eru fyrstu æfingarnar lesnar mjög hægt, en talhraðinn vex, þegar á námsskeiðið líður, svo að í síðustu æfingunum er hann alveg eðlilegur.

Fjórir menn hafa átt þátt í því ao lesa íslenzka námsskeiðio á plötur:

Robert Arnfinnsson, leikari við Þjóðleikhúsið; Herdis Þorvaldsdóttir, leikkona við Þjóðleikhúsið; Helga Bachmann, leikkona hjá leikfélagi Reykjavíku; Helgi Skilason, leikari hjá leikfélagi Reykjavíku.

Nokkrar fyrstu æfingarnar eru talaðar af tveim sömu mönnum, svo að nemandinn geti beint athygli að nýjum hljóðum málsins án þess að lenda í vandræðum með of margar ólíkar raddir. Fyrst þegar hann er farinn að þekkja hljóðin, getur hann haft gaman og gagn af því að hlusta á nýjar raddir.

Með því að engir tveir menn tala málið eins, hlýtur munur á framburði að heyrist í tali manna. Samt er venjulegum nemanda alveg óhætt að taka mál þessara manna til fyrirmynadar. En þeir, sem áhuga hafa á hljóðfræði, munu finna framburðarmismun í smáatriðum, og er þar í nóg efni til athugunar.

Nemandi, sem lærir þetta námsskeið til hlítar, hefur öðlast fullkomlega hagnýta þekkingu á íslenzkri tungu í ræðu og riti. Eigi aðeins ætti hann að hafa gott vald á málfræði, heldur einnig drjúgan forða af nauðsynlegum orðum, setningum úr daglegu tali og rammíslenzkum talsháttum. Allt þetta ætti að gera honum kleift að hafa gagn og gaman af samneyti við íslenzkt fólk. Líka ætti hann að geta skilið og metið íslenzka hugsun eins og hún birtist í bókmenntum þjóðarinnar.

Þetta íslenzka námsskeið mundi alls ekki hafa séð ljós dagsins nema fyrir áhuga og fjárframlög Björns Björnssonar, stórkáupmanns í Lundúnum. Á hann miklar þakkar skildar fyrir framtak sitt að fá Linguaphone Institute til að gefa út námsskeiðið og þjóðlegan áhuga sinn á þessu máli öllu. Helgi Elíasson fræðslumálastjóri hefur reynzt fyrirtækinu hjáplegur á margan hátt, sömuleiðis Bjarni Guðmundsson, blaðafulltrúi í utanríkisráðuneytinu. Sérstakar þakkar ber að gjalda Eiríki Benedikz, sendiráðunaut í íslenzka sendiráðinu í Lundúnum fyrir að lesa prófarkir.

Skylt er loks að viðurkenna, að The Johns Hopkins Press, Baltimore, Maryland, U.S.A., leyfði, að notuð væri Hljóðfræðin, sem prentuð er í *Icelandic* (Stefán Einnarsson), og fjórar íslenzkar þjóðsögur.

EFNISYFIRLIT

		<i>Æfing</i>	<i>Blaðsiða</i>
Við skulum tala íslenzku	1	10
Spurningar og svör	2	12
Fjölskyldan mín (Fólkið mitt)	3	14
Spurningar og svör	4	16
Gestir	5	18
Samtal	6	20
Dagstofan okkar	7	22
Ég svara spurningum	8	24
Borðstofan	9	26
Miðdegisverður	10	28
Svefnherbergið	11	30
Um morguninn	12	32
Húsið	13	34
Heimsókn	14	36
Líkami mannsins	15	38
Skemmtigangan	16	40
Tími og tölur	17	42
Hvað er framorðið?—Hvað líður tímanum?	18	44
Reykjavík	19	46
Að spryrjast til vegar	20	48
Gistihús. Hótel	21	50
Að fá sér herbergi	22	52
Íslenzkir peningar	23	54
Í banka og ferðamannaskrifstofu	24	56
Ferðalög	25	58
Á bifreiðastöðinni	26	60
Sjóferð og flugferð	27	62
Í afgreiðslu Eimskipafélagsins og á skipinu	28	64
Íslenzkur matur	29	66
Í matsöluhúsinu	30	68
Árstíðirnar	31	70
Leikir og íþróttir	32	72

	<i>Æfing</i>	<i>Blaðsiða</i>	
Ísland	33	74
Lönd og tungumál	34	76
Búðir og verzlanir	35	78
Í verzlunum í Reykjavík	36	80
Leikhúsið	37	82
Í leikhúsinu	38	84
Hjá almennum lækni, tannlækni og lyfsala	39	86
Hjá lækni	40	88
Rakarinn og hárgreiðslukonan	41 (1)	90
Í rakarastofu	41 (2)	92
Tóbaksbúð	42 (1)	94
Í tóbaksbúðinni	42 (2)	96
Pósthúsið	43 (1)	98
Í pósthúsinu	43 (2)	100
Útvarp og sjónvarp	44 (1)	102
Ég hlusta á útvarpið	44 (2)	104
Sjávarútvegur, iðnaður, verzlun	45 (1)	106
Samtal við forstjórnann	45 (2)	108
Landbúnaður	46 (1)	110
Samtal um búskap	46 (2)	112
Íslenzkir hestar	47 (1)	114
Að leggja af stað	47 (2)	116
Íslenzkar fornþókenntir	48 (1)	118
Nýjar íslenzkar bókmenntir	48 (2)	120
Íslenzkar þjóðsögur	49 (1)	122
Kirkjusmiðurinn á Reyni	49 (2)	123
Heyhirðingin	50 (1)	124
Nátttröllið	50 (2)	125
Íslenzk hljóðfræði: Fyrsti kafli	126	
Íslenzk hljóðfræði: Annar kafli	127	

TEXTAR Á TALPLÖTUM

Fyrsta (1.) æfing

VIÐ SKULUM TALA ÍSLENZKU

Góðan daginn! Komið þér sælir!

Hlustið nú á.

Ég er kennari.

Þér eruð nemandi.

Ég er íslenzkur.

Þér eruð ekki íslenzkur.


Íslendingur talar íslenzku.

Íslenzka er móðurmál mitt.

Ég tala hana reiprennandi.



Þetta er borð^a.



Þetta er hljómplata^c.



Platan er á grammófóninum.

Grammófóninn er á borðinu.



b

c Hljómplata

a Borð

b Grammófónn



d

Þetta er bók^d.



Þér hafið bókina í hendinni.



Þér sitjið við borð.

Þér horfið á bókina.

Þér hlustið á plötuna.

Þér eruð að læra að tala, skilja, lesa og skrifa íslenzku.

Ég tala hægt.

Þegar ég tala hægt, þá skiljið þér mig.

Þegar ég tala hratt, þá skiljið þér mig ekki.



Þegar ég tala hratt, þá skiljið þér mig ekki.

d Bók

SPURNINGAR OG SVÖR

Hver er ég ?

Þér eruð kennarinn.

Og hver eruð þér ?

Ég er nemandinn.

Er ég íslenzkur ?

Já, þér eruð íslenzkur.

Eruð þér íslenzkur ?

Nei, ég er ekki íslenzkur.

Talið þér íslenzku ?

Já, en ekki nema dálitið.

Er þetta borð ?

Já, það er borð.



Er þetta líka borð ?

Nei, það er plata.



Hvað er þetta ?

Það er bók.



Hvar er bókin ?

Hún er í hendi minni.

Hvar sitjið þér ?

Ég sit við borð.

Hvað eruð þér að gera ?

Ég er að hlusta á plötuna.

Hvað eruð þér að læra ?

Ég er að læra íslenzku.

Skiljið þér, þegar ég tala hægt ?

Já, það geri ég.

En þegar ég tala hratt ?

Nei, ég skil yður ekki.



Ég tala ekki nema dálitið í íslenzku.



Priðja (3.) æfing

FJÖLSKYLDAN MÍN (FÓLKID MITT)

Þetta er fólkid mitt: konan mín¹; Sigga, dóttir mín²; Nonni, sonur minn³; yngsta barnið, Rúna⁴ og ég⁵.



Fjölskyldan er alls fimm manns: einn, tveir, þrír, fjórir, fimm.



Konan mín situr í hægindastól⁶. *a*.


Hún er að lesa^b í íslenzkri bók.

Ég sit á stól⁷ og er að skrifa bréf^c.

1. Konan mín
2. Sigga, dóttir mín
3. Nonni, sonur minn

4. Rúna, yngsta barnið
5. Ég
6. Hægindastóll
7. Stóll
8. Bolti; knöttur
9. Pianó

a Hægindastól *b* Hún er að lesa



Nonni er að leika sér að bolta⁸ eða knetti⁸.

Sigga er að spila á píanóið^{9, d}.

Rúna er að leika sér að brúðu^e.



Ég er karlmaður^f. Konan mín er kvenmaður^g.

Ég er maðurinn hennar.

Hún er konan mín.



Nonni er drengur^h.

Sigga er stúlkaⁱ.

Rúna er ennþá ungbarn.



Nonni er bróðir Siggu.

Sigga er systir Nonna.

Þau eru börn okkar.

Ég er faðir þeirra. (Ég er pabbi þeirra.)



Konan mín er móðir þeirra. (Konan mín er mamma þeirra.)

Við erum foreldrar þeirra.

Okkur þykir vænt um börnin okkar.

Börnunum okkar þykir vænt um okkur.

c Ég er að skrifa bréf
d Hún er að spilā á pianóið

e Brúða
f Karlmaður
g Kvenmaður

h Drengur
i Stúlka

SPURNINGAR OG SVÖR

*a*

Hvaða fólk er þetta?

Það er fjölskyldan yðar.

Hve margir eru í fjölskyldunni minni?

Fimm manns^d alls.

Hvað er konan mínn að gera?

Hún er að lesa bók^a.

*b*

Hvar situr hún?

Hún situr í hægindastól^b.

*c*

Hvað er ég að gera?

Þér eruð að skrifa bréf^c.

*a**b**c*

Hvað er sonur minn að gera?

Hann er að leika sér.

Hvað heitir hann?

Hann heitir Nonni.

Hvers son er Nonni?

Hann er sonur yðar.

Hvers dóttir er Sigga?

Hún er dóttir yðar.

Hvers barn er Rúna?

Hún er yðar barn.

*d**d*

Fimmta (5.) æfing

GESTIR



a

Það eru komnir gestir. Þeir komu inn í dagstofuna. Þetta eru gestirnir: Sigríður, systir mínn¹; Pétur, bróðir minn²; Guðrún, kona hans³, og vinur þeirra, Jón Stefánsson⁴.

Gestirnir heilsa.

Systir mínn og bróðir minn heilsa okkur með handabandi^a og segja: "Komdu sael" við konu mína, "Komdu saell" við mig.



b

1. Sigríður, systir mínn
2. Pétur, bróðir minn

a Handaband

3. Guðrún, kona hans
4. Vinur, Jón Stefánsson

b Má ekki bjóða yður sæti?

Pétur bróðir kynnir okkur vin sinn: "Þetta er Jón Stefánsson". Svo heilsar Jón okkur með handabandi og segir: "Komið þér sælar, frú" við konu mína, en "Komið þér sælir" við mig.

"Komið þér sælir. Má ekki bjóða yður sæti^b?"


"Þakka yður fyrir."

"Hafið þér verið lengi í Reykjavík^f?"


"Nei, ekki nema tvær vikur."

"Það má bjóða yður kaffi?"

"Já, þakk."



c



d



e

Kvenfólkioð og Jón sitja við borðið. Þau drekka kaffi og tala saman. Ég drekk ekki kaffi, og bróðir minn ekki heldur. Ég stend við gluggann^c og er að reykja sígarettu^d. Bróðir minn stendur hjá mér. Hann reykir pípu^e. Ég er þritugur. Bróðir minn er þrjátíu og fjögra ára gamall. Systir míni er hálfþritug. Ég á einn bróður, eina systur og eitt barn.



f

- c Gluggi
d Sigarettu

- e Pípa
f Í Reykjavík



Sjötta (6.) æfing

SAMTAL

Hverjir eru komnir?

Það eru komnir gestir að heimsækja okkur.

Hvar komu þeir inn?

Þeir komu inn í dagstofuna.

Hvaða gestir eru þetta?

Það er systir yðar¹, bróðir yðar², konan hans³ og vinur þeirra⁴.

1. Sigríður
2. Pétur

3. Guðrún
4. Jón Stefánsson

5. Borð
6. Gluggi



Hvar sitja^a þau?

Þau sitja við borðið⁵.



Hvar stend ég^b?

Þér standið við gluggann⁶.

Hvar stendur bróðir minn?

Hann stendur hjá yður.



Hvað er ég að gera?

Þér reykið og eruð að tala^c við bróður yðar.


Hve margt fólk er nú í dagstofunni?

Sex manns^d alls: einn, tveir, þrír, fjórir, fimm, sex.



a Ég sit
b Ég stend

c Þeir reykja og tala
d Sex manns



Sjöunda (7.) æfing

DAGSTOFAN OKKAR



a



b

Myndin er af dagstofunni okkar. Það er mjög snotur dagstofa. Við skulum gó að, hvaða húsgögn eru í henni. Þarna er píanó^a til hægri handar. Á píanóinu er nóttnabók^{1, b}. Framan við píanóið er lágor stóll^{2, c}. Í horninu á móti píanóinu er hægindastóll³.

- 1. Nóttnabók
- 2. Lágur stóll
- 3. Hægindastóll
- 4. Gluggi

- 5. Ofn
- 6. Legubekkur
- 7. Bókaskápur
- 8. Viðtæki
- 9. Kringlótt borð
- 10. Ker
- 11. Gólfteppi
- 12. Rafmagnslampi

a Pianó

b Nóttnabók

Hinum megin í stofunni er stór gluggi⁴. Hann ber ágæta birtu að deginum til. Undir glugganum er ofn^{5, d}, sem hitar stofuna að vetrinum til. Hjá glugganum er líka stór og þægilegur legubekkur⁶. Það eru tvær mjúkar sessur^e á legubekknum. Vinstra megin við gluggann er hár bókaskápur⁷. Það eru ýmsar bækur í bókaskápnum.



c



d



e



f



g

c Lágur stóll

d Ofn

e Sessa


f Kringlóttur spiegill

g Blóm

ÉG SVARA SPURNINGUM

Kunnið þér vel við dagstofuna okkar?

Já, ég kann mjög vel við hana.




a

Hvað sjáið þér hjá glugganum?

Ég sé fallegan legubekk^a.

Hvar er glugginn?

Hann er yfir ofnинum.



b

Hvar eru bækurnar^b?

Þær eru á hillum í bókaskápnum^c.

Hvar er viðtækið?

Það er á milli hægindastólsins og bókasíksins^d.

a Legubekkur

b Bækur



c

Hvað hitar upp herbergið á veturna?


Miðstöðvarofninn. Við höfum laugahitun.



d

Hvað lýsir upp stofuna á kvöldin?

Rafmagnslampi.





e

Ágætt. Nú er ég búinn með átta æfingar: Ein, tvær, þrjár, fjórar, fimm, sex, sjö, átta.

c Bókaskápur

d Viðtækið á milli hægindastólsins og bókasíksins

e Gólfteppi

Níunda (9.) æfing**BORDSTOFAN**

Herbergið, sem við borðum í, er kallað borðstofa. Í borðstofunni borðum við morgunverð, miðdegisverð og kvöldverð og drekkum miðaftanskaffi.

Á borðið er breiddur hvítur dúkur⁵. Húsþondinn¹ situr á móti húsfreyjunní². Báðum megin við borðið sitja gestirnir^{3,4}.

1. Húsþondinn
2. Húsfreyjan

a Diskur

- 3, 4. Gestirnir
5. Dúkur

b Hnifur

6. Hlaðborð
c Gaffall


d Skeið



Fyrir framan hvern mann er diskur^a, hnifur^b, gaffall^c, skeið^d, vatnsglas og þurrka^e.

Á borðinu er ávaxtamauk, salt, pipar, mustarður, olía, edik og vatnskanna^f.

Á fati á hlaðborðinu⁶ eru ávextirⁱ: epli, perur, kirsiber, appelsínur, bananar og víンber^j.




Máltíðin er að byrja. Húsfreyjan er að skammta súpuna.

Aðalrétturinn er fiskur^g eða kjöt^h, en ávextir eða ávaxtagrætur á eftir.


Eftir matinn fara menn inn í dagstofuna, drekka kaffi, reykja og ræða fréttir dagsins.

Um klukkan tíu standa gestirnir upp, þakka húsbóna og húsfreyju fyrir sig og kveðja: "Verið þér nú sælar, frú, og þakka yður kærlega fyrir mig."—"Verið þér sælir."



- e Þurrka*
f Vatnsglass
g Fiskur

- h Kjöt*
i Ávextir: epli, perur, kirsiber, appelsínur, bananar og víンber



Tiunda (10.) æfing

MIÐDEGISVERÐUR

Gott kvöld. Komið þið sæl. Okkur þykir svo vænt um, að þið skylduð geta komið. Gerið þið svo vel að ganga inn í borðstofuna. Maturinn er til. Viljið þér, frú Anna¹, gera svo vel að setjast við hægri hönd mannsins míns, en þér, Jónas⁴, sitjið hjá mér. Hvenær komuð þér til Reykjavíkur?

Fyrir um það bil hálfum mánuði.



a

Og hvernig lízt yður á bæinn?

Þetta er sýnilega mikill framfarabær.

1. Frú Anna
2. Húsþóndi

a Sósukanna

3. Húsþreyja
4. Jónas

Má ekki bjóða yður meira kjöt?

Jú, þakk. Þetta er ljúffengasta dilkakjöt og alvegmátulega steikt, að mér finnst. —Viljið þér gera svo vel að rétta mér sósukönnuna^a?



b

Hvernig fellur yður við íslenzka matinn?



c

Vel, en þetta er í fyrsta skipti, sem ég hef borðað á íslenzku heimili. Annars hef ég hingað til borðað í gistihúsum og matsölöhúsum^b.

Gerið þér svo vel, hér kemur kaffið. Má bjóða yður sykur^c og rjóma?

EKKI RJÓMA ÞAKK, ÉG ER AÐ HUGSA UM AÐ DREKKA SVART MOLAKAFFI. EN NÚ ER ORÐIÐ FRAMORÐIÐ, OG OKKUR VEITIR EKKI AF Því AÐ FARA AÐ KOMAST AF STAÐ. KÆRAR ÞAKKIR FYRIR MATINN OG SKEMMTILEGT KVÖLD.

JÁ, ÞAÐ ER SJÁLFÞAKKAÐ. OKKUR ÞÓTTI SVO GAMAN, AÐ ÞIÐ SKYLDUÐ GETA KOMIÐ.

VERIÐ ÞIÐ NÚ SÆL.

GÓÐA NÓTT.

GÓÐA NÓTT.




d

b Matsöluhús

c Sykur

d Í Reykjavík

Ellefta (11.) æfing**SVEFNHERBERGIÐ**

a



b

Á kvöldin, þegar ég er þreyttur og syfjaður^a, verð ég feginn að fara inn í svefnherbergið mitt að hátta og sofa. Ég kveiki ljós, fer úr skónum^b og smeygi mér í inniskó. Síðan afklæði ég mig, fer í náttfötin¹ og svo í rúmið².

Á litla borðinu við rúmið er lampi, vekjara-klukka^c og bók. Ég les dálitið og slekk svo ljósið. Nú er dimmt í herberginu, og eftir nokkra stund sofna ég. Ég sef alla nóttna.

1. Náttföt
2. Rúm

3. Morgunsloppur
4. Baðherbergi
5. Snyrtiborð
6. Klæðaskápur
7. Hólf

- a Preyttur og syfjaður b Skór



c



d



e



f




g



h


Í svefnherberginu er, auk rúmsins, snyrtiborð⁵, og á því eru ýmis hreinlætis- eða snyrtihöld. Í klæðaskápnum⁶ eru samkvæmisföt og önnur föt, og í sérstökum hólfum⁷ eru hreinar skyrturⁱ, vasaklútar^k, flibbar^j, slifsi^l, sokkar^m og leistar eða hálf sokkar og nærföt. Óhreinu fötin eru send í þvottahús einu sinni eða tvívar í viku.



k



l



m

c Vekjaraklukka

d Rakvél

e Tannbursti

f Hárgeiða

g Þvottaskál

h Krani

i Skyrta

j Flibbi

k Vasaklútar

l Slifsi

m Sokkar

UM MORGUNINN

Góðan daginn!

Góðan dag. Hvernig sváfuð þér?

Vel, þakka yður fyrir. Ég sef alltaf vel. Ég les venjulega svo sem hálftíma í rúminu. Siðan sofna ég og sef alla nöttina.

Hvenær farið þér á fætura?



a



b

Um sjöleytið.

Og hvenær farið þér að sofa?

Klukkan ellefu eða hálftólf. Átta stunda svefn er alveg nógur handa mér.

Hvað gerið þið venjulega á kvöldin?

Við erum oftast heima. Við förum einu sinni eða tvisvar í



c

a Að fara á fætur

b Að fara að sofa

c Í leikhúsi

viku í leikhús^c eða í kvikmyndahús^d.

Stundum förum við á dansleik.

Hafið þér gaman af að dansa?

Já, mjög. Dansið þér?



d

Ég dansaði á mínum yngri árum^e, en nú er ég orðinn of gamall^f til þess.



e

Þér eruð ekki gamall. Þér lítið út fyrir að vera um fimmtugt.

Nei, þar skjálast yður. Ég er nær sextugu.

Nei? Það sést ekki á yður.

Það er gott að heyra.



f

Vilduð þér ef til vill koma með mér á fund í Anglia klukkan átta í kvöld?


Með ánægju.

Það er ágætt.

d Í kvikmyndahúsi

e Á mínum yngri árum

f Ég verð nú gamall




Prettánda (13.) æfing

HÚSID


Þegar ég var á Íslandi í fyrra, heimsótti ég kunningja minn, Stefán Einarsson. Hann á mjög snoturt hús¹ í Hafnarfirði. Hann keypti það fyrir tíu árum, þegar hann kvæntist. Það er tveggja hæða hús. Niðri (á fyrstu hæðinni) er borðstofa^a, dagstofa^b og eldhús^c, þar sem maturinn er eldaður.




1. Hús
2. Bílskúrinn
a Borðstofa



3. Garðurinn
4. Útidyrnar
5. Gluggi
b Dagstofa



c



d



e



f



g



h

Uppi (á annarri hæð) eru svefnherbergin^d, baðherbergi og salerni. Stigi liggur af fyrstu hæðinni upp á loftið. Bílskúr^e, er áfastur við húsið. Bak við húsið er stór garður^f. Þar ræktar fjölskyldan alls konar grænmeti, blóm og tré.

Stefán Einarsson er alveg nýkominn frá Keflavík. Hann nálgast húsið, tekur lykil^f úr vasa sínum, stingur honum í skrána og opnar útidyrnar^g. Hann gengur inn í anddyrið, lokar hurðinni og stingur lyklinum astur í vasa sinn. Hann tekur ofan hattinn^g, fer úr kápunni^h og hengir hvort tveggja upp á snaga. Siðan gengur hann inn í borðstofuna og heilsar konu sinni og börnum með kossi. Svo fara þau að borða.

c Eldhús
d Svefnherbergi

e Bílskúr
f Lykill

g Hattur
h Kápa

HEIMSÓKN

Góðan daginn hr. Roston. Það var gaman að hitta yður. Hvenær komuð þér hingað?

Í vikunni sem leið.

Já, einmitt það. Hvað er að fréttu, og hvernig hefur yður vegnað?

Mér hefur vegnað vel.

Og hvernig hafa viðskiptin gengið?

Ágætlega.

Þér verðið að koma og heimsækja okkur.

Með ánægju. Hvar búið þér núna?

Á sama stað og áður. Og hvar alið þér manninn?

Hótel Borg.



b



a

a Strætisvagn

b Þetta er húsið mitt

Gott. Ég skal líta inn til yðar eftir klukkutíma og fara með yður heim . . . Jæja, nú er mál að leggja af stað. Við skulum fara í þennan strætisvagn^a, en þar má ekki reykja . . . nú erum við komnir. Þetta er húsið mitt^b.

Þetta er snoturt hús. Mér lízt mjög vel á það.

Gerið þér svo vel að ganga inn.

Þökk fyrir.

Þér getið vonandi borðað kvöldmat með okkur?

Þakka yður fyrir, en því miður get ég það ekki. Ég verð að fara aftur í bæinn.



c

Það var leiðinlegt, en þér getið að minnsta kosti drukkið með okkur bolla af kaffi^c, og svo getum við litið á garðinn^d.

Með ánægju. Ég hefði mjög gaman af að líta á garðinn. Þér eigið fallegan garð og vel hirtan. Mér þykir vænt um, að þér skylduð sýna mér hann.



d


c Bolli af kaffi

d Garður

LÍKAMI MANNSINS



Höfuðið¹ er mikilsverður hluti mannslíkamans. Það er þakið hárið. Sumir hafa ljóst hár, aðrir jarpt og enn aðrir svart. Kvenfólk hefur venjulega sítt hár, karlmenn stutt. Við höfum tvö eyru². Við heyrum með eyrunum. Heyrnarlaust fólk heyrir ekki.



Við sjáum með augunum³, hvað fram fer í kringum okkur. Fólk, sem sér ekki vel, notar gleraugu^b. Það er mikið ólán að vera blindur.

Í miðju andlitinu er nefið⁴, sem við lyktum og öndum með. Við tölum, syngjum, etum og drekkum með munnum⁵. Mállaust fólk getur ekki talað. Í munnum eru tennurnar^d og tungan^c. Við höfum tvær varir^e: efrivör og neðrivör. Stundum láta menn skegg vaxa á efrivör. Það heitir yfirskegg^f. Hakan⁶ er undir munnum. Sumir menn hafa skegg á hökunni. Það heitir hökuskegg^g.

Hálsinn⁷ tengir höfuðið við bol og herðar. Við höfum two handleggi⁹ og tvær hendur¹⁰. Við

a Hár
b Gleraugu

c Tungan

d Tennurnar
e Varirnar



vinnum með höndunum, t.d. skrifum, saumum og spilum á hljóðfæri.

Við skrifum með hægri hendinni, en margir skrifa þó með vinstri hendinni.

Við höfum fimm fingur¹¹ á hvorri hendi, og nögl er á hverjum fingri. Við göngum, hlaupum, hoppum, dönum og förum á skautum á fótum¹².




f Yfirskegg

1. Höfuðið
2. Eyrað
3. Augað
4. Nefið


g Hökuskegg

5. Munnurinn
6. Hakan
7. Hálsinn
8. Öxlín
9. Handleggurinn
10. Höndin
11. Fingurnir
12. Fóturinn



Sextánda (16.) æfing

SKEMMTIGANGAN



Góðan daginn, Pétur, hvert ert þú að fara?
Og ekkert sérstakt.

Hvað segir þú um að fá þér göngu í garðinum?
Það væri ekki svo vitlaust.



Jæja, komdu þá.

En heyrirðu, Páll, ekkert liggar nú á. Þú gengur
alltof hratt. Þú ert skreflangur^a, en ég skref-
stuttur^b, svo að ég hef ekki við þér.

1. Kaffihúsið

a Skreflangur

2. Stóll

b Skrefstuttur

3. Borð

c Regnbogi

4. Tré

Jæja, ég skal ganga hægar.

Líttu á blómin þarna. Eru þau ekki falleg? Í
öllum regnbogans^c litum: rauð, blá, ljósrauð,
rauðgul, gul, fjólublá og hvít.



En ilmurinn! Er hann ekki góður?

Jú sannarlega.

En það er að verða mjög heitt hérna.



Við skulum ganga undir stóra tréð^d þarna.
Það verður svalt undir því, og við getum hvílt
okkur í skugganum. Jæja, hér erum við
komnir. Við skulum setjast niður og reykja.

Hefurðu eldsspýtur^e?

Ég hef engar eldsspýtur, en ég hef kveikis.

Heyrirðu þrumurnar. Ég er hræddur um, að
það skelli á okkur þrumuveður^f.

Það er ekki ólíkt því. Hann er að þykkna upp
og dimma.



Heyrðu, það er kaffihús¹ þarna yfir frá. Við
skulum hlaupa þangað.



d Tré

e Eldsspýtur

f Kveikir

g Þrumuveður

TÍMI OG TÖLUR

*a*

Ef ég vil vita, hvað er framorðið, þá lít ég á úrið mitt. Ég á armbandsúra úr gulli, en það er ekki dýrt. Það gengur rétt, flýtir sér hvorki né seinkar. Skífunni á úrinu er skipt í tólf jafna hluta, sem merktir eru með tölunum *eitt* (1) til *tólf* (12). Stóri vísirinn^b sýnir mínumturnar, en litli vísirinn^c stundirnar. Þegar báðir vísarnir standa á tólf, þá er klukkan tólf, á hádegi^d að degi til, á miðnætti^e að nóttu til.

*b**c*

Ef stóri vísirinn hefði verið á tólf, en litli vísirinn á eitt, þá hefði klukkan verið eitt (1)^f.

*d*

Dagsetningar: fyrsti (1.) janúar, annar (2.) janúar, þriðji (3.) janúar o.s. frv.

*e*

Íslendingar telja líka í vikum: í fyrstu (1.) viku sumars, tveim vikum fyrir sumarmál, o.s. frv. Við lifum á tuttugustu öldinni.

a Armbandsúr
b Stóri vísirinn

c Litli vísirinn

d Hádegi
e Miðnætti

Jón Sigurðsson^g, leiðtogi Íslendinga í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði sínu, var fæddur sautjánda (17.) júní átján hundruð og ellefu (1811). Hann dó sjöunda (7.) desember átján hundruð sjötíu og níu (1879). Ísland var viðurkennt fullvalda ríki fyrsta (1.) desember nítján hundruð og átján (1918), og Íslendingar endurreistu hið forna lýðveldi sautjánda (17.) júní nítján hundruð fjörutíu og fjögur (1944).

*f**g*

f Klukkan eitt
g Jón Sigurðsson



Átjánda (18.) æfing

HVAÐ ER FRAMORDÍÐ?—HVAÐ LÍÐUR TÍMANUM?

Afsakið, en getið þér sagt mér hvað klukkan er?

Ég veit það nú ekki, ég hef ekkert úr, en þarna er dómkirkju-klukkan, hún er nákvæmlega tólf.

Nú getum við athugað klukkustundirnar. Við segjum að klukkan sé eitt¹, tvö², þrjú³, o.s. frv. Klukkustundinni er skipt í stundar-fjórðunga. Þá segjum við að klukkan sé fjórðapart gengin í níu⁴, hálfnúi⁵ eða vanti fjórðapart í níu⁶. Ennfremur að klukkan sé fimm mínútur gengin í níu, tíu mínútur gengin í níu o.s. frv.—að hana vanti fimm mínútur í níu^a, tíu mínútur í níu^b o.s. frv.

1. Klukkan eitt
2. Klukkan tvö

3. Klukkan þrjú
4. (Stundar) fjórðapart
5. Hálfnúi
6. Vantar fjórðapart í níu
gengin í níu

Hvaða mánaðardagur er í dag? Munið þér ekki dagsetninguna?

Jú, í dag er fimmtándi október.

En í gær?

Sá fjórtándi.

Kunnið þér nöfn vikudaganna?



Já, sunnudagur, mánudagur, þriðjudagur, miðvikudagur, fimmtudagur, föstudagur og laugardagur.

Hve margir dagar eru í viku?

Sjö.

Hve margir mánuðir eru í ári?

Tólf.

Hvað heita þeir?

Janúar, febrúar, marz, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og desember.




OKTÓBER

Sumudagur	7	14	21	28
Mánudagur	1	8	15	22
Þriðjudagur	2	9	16	23
Miðvikudagur	3	10	17	24
Fimmtudagur	4	11	18	25
Föstudagur	5	12	19	26
Laugardagur	6	13	20	27

a Hana vantar fimm mínútur í níu

b Hana vantar tíu mínútur í níu



Nítjánda (19.) æfing

REYKJAVÍK

Reykjavík er höfuðborg Íslands, og þar býr um þriðjungur landsmanna. Þó að borgin sé í fremur hrjóstrugu umhverfi, þá liggur hún allra staða bezt við fiskveiðum og verzlun, enda er höfn¹ hennar alltaf íslaus. Í Reykjavík er gerður út mikill floti togara og vélbáta, og til hennar sigla beint flest skip², sem eru í förum milli landa.



a




b

1. Höfnin,
sjórinn
a Dómkirkjan

2. Skip
3. Hús
b Alþingishúsið

Bærinn hefur vaxið á þessari öld úr illa byggðu sjóþorpi með timburhúsum í nýtízkubæ með flestum þægindum, sem Evrópumenn eiga að venjast. Eldri hverfin bera enn merki gamla tímans, en hin yngri eru með nýtízku-steinhúsum³, fallegum görðum⁴ og breiðum götum⁵. Í Reykjavík var rafmagn notað ekki aðeins til iðnaðar og ljósa, heldur einnig til hitunar, en nú er allur bærinn hitaður með laugahita. Laugahiti í nágrenni Reykjavíkur hefur líka verið notaður við framleiðslu grænmetis og jafnvel suðrænna ávaxta í gróðurhúsum.




c



d



e




f

Af eldri byggingum í Reykjavík má nefna dómkirkjuna^a og alþingishúsið^b. Nýrri eru safnahúsið með landsbókasafninu^c; Kristskirkjan^d; Hnitbjörg með safni myndhögvarans Einars Jónssonar; háskólinn^e, ásamt tveimur stúdentagörðum, og þjóðleikhúsið^f.

- c Landsbókasafnið
d Kristskirkjan

- e Háskólinn
f Þjóðleikhúsið



Tuttugasta (20.) æfing

AD SPYRJAST TIL VEGAR



Fyrirgefið þér, en gætuð þér sagt mér, hvar listasafn Einars Jónssonar¹ er? Ég veit ekki, hvernig maður kemst þangað.

Hvað segið þér?

Ég var að biðja yður að vísa mér á listasafn Einars Jónssonar. Ég rata þangað ekki.

Því miður get ég ekki hjálpað yður, því að ég er alveg ókunnugur sjálfur, nýkominn í bæinn.—Ég var hér síðast fyrir tíu árum. Annars langar mig líka til að fara að sjá safn

1. Listasafn Einars Jónssonar

a Löggregluþjónn

Einars. Þarna er löggregluþjónn^a á götuhorninu. Við skulum spyrja hann.

Já, það skulum við gera. Fyrirgefið, hve langt er til listasafns Einars Jónssonar, og hvaða leið er bezt að fara?

Það er ekki langt. Ef þið ætlið að ganga þangað, þá farið þið til næsta götuhorns, beygið þar til vinstri, farið svo fyrstu skágötu til hægri. Það er Skólavörðustígurinn. Hann gangið þið, þar til þið komið að líkneski Leifs Eiríkssonar^b. Þar er listasafnið til hægri handar. Ef þið viljið heldur fara með strætisvagni, þá getið þið farið í hann á Lækjartorgi og beðið bílstjórann^c að segja ykkur, hvar þið eigið að fara út.

Þakka yður fyrir. Þarna kemur strætisvagn. Má ég fá two farmiða upp á Skólavörðuhæð? Og viljið þér segja okkur, hvar við eignum að fara út?

Þér eruð útlendingur?

Já, ég er Englendingur og hér í fyrsta sinn.


Jæja, hér er Skólavörðutorgið. Verið þér nú sælir.

Sælir.



b Likneski Leifs Eiríkssonar


c Bílstjóri



Tuttugasta og fyrsta (21.) æfing

GISTIHÚS. HÓTEL

Síðast þegar ég var í Reykjavík, bjó ég á Hótel Borg. Það er eitt stærsta og bezta gistihúsið í Reykjavík. Það er að vísu lítið í samanburði við stór gistihús erlendis, sem hafa herbergi, svo að þundruðum skiptir,



1. Gestur, hótelgestur
2. Afgreiðlustúlkun

5. Farangur
a Borðsalur

fagra borðsali^a, setusali, reykingasali og bókasöfn^b. En sími^c og rafbjöllur eru í hverju herbergi og heitt og kalt vatn í baðherbergjunum^d. Allt er hitað með laugahitun.




a

3. Þjónn, sendill
4. Þjónn, burðar-þjónn
b Bókasafn

Í gistihúsini er rúmgóður danssalur^e, þar sem valin hljómsveit leikur á ákveðnum tínum. Borðsalurinn er rétt þar hjá.




c



d

Rétt fyrir innan anddyrið er afgreiðslan eða skrifstofan, þar sem fölk, sem kemur og fer, fær alla nauðsynlega vitnesku. Þegar við konan míni komum þangað, fórum við í afgreiðsluna að panta okkur herbergi.




f

Afgreiðlustúlkun² sagði þjóninum⁴ herbergisnúmerið okkar og fékk mér lykilinn. Við fórum í lyftunni^f upp á þriðju hæð, og eftir að við höfðum gengið nokkra langa ganga, þar sem dreglar voru á gólfum, fundum við herbergið okkar. Það var bæði bjart og notalegt.



e

- c Sími
d Baðherbergi
e Danssalur
f Lyfta



Tuttugasta og önnur (22.) æfing

AD FÁ SÉR HERBERGI

Þjónn, viljið þér taka farangurinn^a minn og ná í bíl^b?

Hvert ætlið þér?

Á Hótel Borg.


Við erum komnir þangað.

Hvar er afgreiðslan?

Parna vinstra megin.

Þakk fyrir.—Góðan daginn! Hafið þér tveggja manna herbergi^c með baði?

Hafið þér pantað það fyrirfram?



a

1. Fyrsta hæð,
neðsta hæð
2. Önnur hæð

3. Þriðja hæð
4. Fjórða hæð
5. Fimmta hæð

a Farangur

6. Bill, bifreið
7. Áætlunarbill

Nei, það höfum við ekki gert.


Það er varla nokkurt herbergi laust hér, en ég skal nú athuga, hvort við getum hýst ykkur. Hvað verðið þér lengi?



b

Viku eða ef til vill lengur.

Jú, við höfum herbergi með baði á þriðju hæð.



c

Hvað kostar það?

Tuttugu og fimm krónur á dag.

Jæja, ég tek það.

Viljið þér fylla út þetta eyðublað.

Við skulum sjá: nafn og föðurnafn eða ættarnafn, þjóðerni, fast heimilisfang, atvinna, fæðingardagur, dagsetning og undirskrift. Jæja, þá er það búið.

Þakka yður fyrir. Hér er lykillinn yðar, númer tvö hundruð þrjátíu og sjö (237).

Þjónninn fylgir yður upp í lyftunni. Farangurinn verður sendur upp rétt strax.



d

Þakk.

Hér er herbergið yðar.




e

Þakk. Gætum við fengið morgunmat upp í herbergið?

Sjálfsagt. Þér pantið hann í síma^e í fyrramálið.

Mér þætti líka vænt um, ef ég gæti látið hreinsa og pressa föt.

Já, það er hægt. Þegar ferðataskan yðar kemur og þér takið upp úr henni, þá látið þér þernuna vita, og hún annast það fyrir yður.



Tuttugasta og þriðja (23.) æfing

ÍSLENZKIR PENINGAR

Í flestum löndum eru víxlaraskrifstofur og ferðamannaskrifstofur, þar sem hægt er eigi aðeins að skipta pundum og dollurum með gengi dagsins í mynt landsins, sem maður ætlar að ferðast um, heldur einnig að kaupa farmiða og fá vitneskju um hvað eina fyrir ferðina og panta herbergi í gistihúsum, þar sem menn ætla sér að dveljast.



c

a Einseyringur



b

Margir bankar gefa út sérstakar ferðaávísanir, sem hægt er að skipta fyrir gjaldeyrí landanna, sem ferðaætla sér að ferðast

um nokkur lönd, þá er hentugt að hafa með sér, auk ferðaávísana, dálítið af frakkneskum, belgískum og svissneskum frónkum, þýzk mörk, ítaliskar lírur, spænska peseta og svo framvegis. Á Íslandi eru engar víxlaraskrifstofur, en alltaf er hægt að fá skipt erlendum gjaldeyri í íslenzka mynt í bönkunum.



d



e



f



g

55

d Tuttugu- og fimm-eyringur
e Krónupeningur
f Tveggjakrónupeningur
g Seðlar



Tuttugasta og fjórða (24.) æfing

Í BANKA OG FERÐAMANNASKRIFSTOFU

Afsakið, getið þér skipt enskum peningum í íslenzka?

Sjálfsgagt. Hve miklu ætlið þér að skipta?

Tuttugu og fimm pundum.

Með ánægju. Þér vitið auðvitað, hvað gengið er?

Já.

Gerið þér svo vel, viljið þér telja^a?

Þakk, það er rétt.

* * * *


a Að telja



b



c



d



e



f

Þá er bezt að fara í ferðamannaskrifstofuna.

Góðan daginn! Mig langar til að fara norður á Akureyri^b. Getið þér sagt mér, hvaða leið er bezt að fara og hvað ferðin muni kosta?

Það er sjálfsgagt bezt fyrir yður að fara með áætlunar bíl þangað. Það er dagleið til Akureyrar, og leiðin liggar um einhver fegurstu héröð landsins eins og Hvalfjörð, Borgarfjörð^c, Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Frá Akureyri er ekki heldur langt til Goðafoss^d, Mývatns^e og Dettifoss^f. Farið kostar hundrað krónur. Það er líka hægt að fara með skipi til Akureyrar, en það er vikuferð, nema um hraðferð sé að ræða. Svo má líka fljúga þangað á einum eða tveimur tímum.

Þökk fyrir vitneskjuna. Verið þér sælar.

Sælir.

b Akureyri
c Borgarfjörður

d Goðafoss


e Mývatn
f Dettifoss



Tuttugasta og fimmta (25.) æfing

FERDALÖG

Þeir, sem ferðast aunaðhvort að gamni sínu eða í skyldum erindum, geta notað alls konar farartæki. Hjólhesturinn^a, til dæmis, er bæði ódýr og einfaldur. Bifhjólið^b ber mann hratt yfir og er ódýrt í rekstri, en það er þreytandi í langferðum. Á bílum^c er hægt að fara í langferðir án þess að finna til þreytu. Þar sem bílvegi þrýtur á Íslandi, er enn hægt að fá hesta, og séu það góðir reiðhestar^d, þá er nálega eins þægilegt að riða og sitja í bíl.



a



b


1. Flugvél

a Hjólhestur

2. Flugvöllurinn

b Bifhjól

Glæsileg gufuskip^e fara á milli landa og sigla höfin milli heimsálfanna. Hraðfleygar flugvélar^f þjóta um loftin og flytja farþega í fjarlæg lönd á jafnmögum klukkustundum nú og áður fyrr tók daga eða vikur með öðrum farartækjum.



c



d

Þegar við ætlum að ferðast með flugvél, förum við í skrifstofu flugfélagsins til að fá okkur farmiða. Síðan ökum við í bíl á flugvöllinn² og þar er okkur vísað inn í flugstöðvarhúsið. Í flugstöðvarhúsinu er geymslusalur, veitingasalur, og biðsalur. Þar er farangur okkar veginn og þar fer einnig fram vegabréfa- og tollskoðun.



e



f

Þegar brottfararstundin nálgast, er okkur vísað út í flugvélina, og þar tekur flugfreyjan á móti okkur.

c Bill
d Reiðhestar

e Gufuskip
f Flugvél



Tuttugasta og sjötta (26.) æfing

Á BIFREIÐASTÖÐINNI

Bílstjóri¹, viljið þér taka farangurinn² minn?

Hvert ættið þér?

Að Kirkjubæjarklaustri. Áætlunarbillinn³ leggur af stað klukkan átta (kl. 8) eða hvað?

Jú, tíminn er naumur. Við verðum að flýta okkur. Hafið þér farmiðann?

EKKI ENN þá. Hvar er miðasalan⁴? Ó-já, þarna í skrifstofunni. Jæja, ég ætla að fara að ná í



a




b

1. Bílstjóri
2. Farangur, dót

3. Áætlunarbill
4. Miðasalan

5. Handtaska, ferðataska
6. Bílskottið,
farangursgeymsla

a Klukkan átta b Sæti



c

miðann, en þér útvegið mér gott sæti^b á meðan og komið farangrinum fyrir. Ég vil helzt fá sæti framarlega í bílnum^c. Það verður að merkja þessa stóru ferðatösku^d og koma henni fyrir, þar sem vel fer um hana, en handtökuna^e, ^f ætla ég að hafa hjá mér í bílnum. Heyrið þér, hvaðan leggur billinn af stað?

Frá torginu hérrna fyrir framan.

Þá er það farmiðinn fram og til baka.



d



e


Komið þér hérrna. Ég náði í sæti fyrir yður fremst í bílnum. Stóra ferðataskan yðar er aftur í farangursgeymslunni^f, ^f, en handtaskan í sætinu yðar. Við stönzum fyrst á Selfossi og síðan í Vík í Mýrdal, og þar fáum við okkur að borða.

Hvenær komum við að Kirkjubæjarklaustri?

Um áttaleytið í kvöld.




f



Tuttugasta og sjöunda (27.) æfing

SJÓFERÐ OG FLUGFERÐ

Fyrir nokkrum dögum fór ég niður að Reykjavíkurhöfn með vini mínum, sem var að leggja af stað til Englands með einu af stærstu skipum um íslenzku. Afgreiðslumenn skipsins leyfðu mér að fara vegabréfslaust. Ég fór út í skipið og skoðaði það. Gríðarstórar lyftur^{2,a} voru að lyfta farþegaflutningi og vörum út í skipið. Skipstjórinn^b fylgdist með öllu, sem gerðist, af stjórnallinum^c. Farþegarnir hölluðu sér yfir borðstokkinn^d og köstuðu síðustu kveðjum á vini sína á hafnarbakkanum.



- 1. Skip
- 2. Lyfta, lyftikrani
- 3. Sjórinn
- 4. Húsín, borg
- 5. Fjallgarður

a Lyfta (krani)

[TUTTUGASTA OG SJÖUNDA (27.) ÆFING]

Nokkrum dögum síðar þurfti ég að fara til Akureyrar.


Ferðin var svo brýn, að ég fór fljúgandi. Á flugvellinum beið farþegaflugvél eftir okkur. Við settumst í sætin og flugum af stað.

Þegar við litum út, blasti við okkur síbreytilegt útsýni.


Fyrst sundin og eyjarnar, græn tún, holt og ásar og borgin⁵ eins og leikfang.



b



c



d



e

Brátt bar töfraklæði^e okkur yfir Skagafjörð og fjallgarðinn⁶ milli hans og Eyjafjarðar. Þegar þangað kom, renndum við inn fjörðinn og inn á flugvöllinn. Flugmaðurinn lenti slysalauð, og við stigum út úr vélinni.

- b Skipstjórinn*
- c Stjórnallurinn*
- d Borðstokkurinn*
- e Töfraklæði*



Tuttugasta og áttunda (28.) æfing

Í AFGREIÐSLU EIMSKIPAFÉLAGSINS OG Á SKIPINU

Þið ætlið með Gullfossi? Á fyrsta farrými? Er vegabréf^a ykkar í lagi? Lögreglustjórinн sér um það. Hér er farseðillinn, þið getið farið strax um borð.

Hingað er maður kominn. Viljið þér vera uppi á þilfari^b eða fara niður undir þiljur?

Ég veit eiginlega ekki. Ég er ekki mikil sjóhetja.

Þér getið verið óhult í dag. Það er bezta sjóveður, hafið eins og spegill^c, og ég er



a

1. Björgunarbáttur

2. Borðstokkurinn

4. Farþegarnir

a Vegabréf

3. Landgangur

[TUTTUGASTA OG ÁTTUNDA (28.) ÆFING]

viss um, að ferðin gengur vel. Ég skal sækja two þilstóla^d, og við skulum sitja í sólskininu.

Jæja, ég skal reyna það. En það er þá ekki mér að kenna, ef ég verð sjóveik. Ferðizt þér í mikið?

Nei, miklu minna nú en áður fyrr. Ég fer eins sjaldan yfir Íslandshaf og ég get. Mér er ekki um það.

Sjáið þér land fram undan?

Já.

Okkur er betra að fara að búa okkur undir að fara í land. Ég vona, að við sleppum við að opna töskurnar í tollskoðuninni.

Það veit maður aldrei.

Hafið þér nokkrar tollvörur, t.d. (til dæmis), tóbak eða nýja kjóla?

Nei, hvorki tóbak né nýja kjóla.

Viljið þér gera svo vel að opna þessa tösku? Nú já, nærföt, notuð fót, ekki annað. Þér getið farið.—Næsti.



b



c




d

b Á þilfari

c Hafið er eins og spegill


d Þilstólar



Tuttugasta og níunda (29.) æfing

ÍSLENZKUR MATUR

Það er talsvert af litlum matsöluhúsum¹ í Reykjavík, er selja gestum fullt fæði gegn mánaðargreiðslu. Auk þess eru kaffihús, hressingarskálar og stærri matsölur í gistihúsum, opin fyrir alla. Uppi í sveitum verða menn að koma sér fyrir í gistihúsum eða hjá bændum.



1. Matsöluhús,
matsala
a Súpa

2. Gestur
3. Þjónustustúlka
b Fiskar

4. Borðdúkur
5. Stóll
c Lamb




d



e



f



g



h



i

Íslenzkur miðdegisverður byrjar oft með súpu^a, t.d. (til dæmis), kjötsúpu eða sætsúpu. Aðalrétturinn er ýmist kjöt eða fiskur^b. Kjöt af kindum er algengast. Það heitir sauðakjöt eða dilkakjöt, ef það er af lömbum^c. Nautakjöt er af nautum^d, kálfskjöt af kálfum^e, svínakjöt af svínum^f, hænsnakjöt af hænsnum^g og andakjöt af öndum^h.

Alls konar fiskategundir má fá á Íslandi. Algengastar eru þorskur, nýr, saltaður eða hertur og þá kallaður harðfiskur. Auk þess má fá síld, ýsu, heilagfiski, lax, silung og marga fleiri fiska. Í stað súpu getur forrétturinn verið kaldur átmatur, til dæmis kryddsíld eða rækjur. Sumir drekka vatn, aðrir bjór eða gosdrykki með mat, en flestir drekka kaffi á eftir mat. Flestir drekka líka síðdegiskaffi eða miðastanskaffi með brauðiⁱ um klukkan þrjú til fjögur.

- d Naut*
e Kálfur

- f Svín*
g Hænsni

- h Önd*
i Brauð



Prítugasta (30.) æfing

Í MATSÖLUHÚSINU

Er þetta borð laust?



a

Nei, það er lofað. En það er laust borð þarna yfir í horninu,—nema þér viljið vera nær hljómsveitinni^a?

Mér er sama. Hvað segir þú um það?

Mér er líka sama.



b

Jæja, þá skulum við taka þetta. Viljið þér gera svo vel að rétta okkur matseðilinn?^b Þakk. Við skulum nú sjá. Viltu fá eitthvað á undan matnum?


a Hljómsveitin

b Matsedill

Nei þakk, ekki ég. Ég er alls ekki svöng. Ég ætla aðeins að fá mér fisk^c og einhvern eftirrétt og svo kaffi.

Má bjóða þér heilagfiski? Það er ágætt. Ég get mælt með því. Og í eftirrétt get ég mælt með skyri og rjóma.

Ágætt, þetta er sjálfsagt gott.



c

Ég er sannast að segja hungraður. Ég ætla að fá þunna súpu, lambasteik og brúnaðar kartöflur með tómötum^d og rauðgraut á eftir. Færíð þér mér flösku af hvítu víni^e, þjónn. Hvaða brauð viltu, rúgbrauð hveitibrauð eða heilhveitibrauð?



d

Hvernig væri að fá allar tegundirnar með smjöri og osti.

Jæja, hvernig líkar þér fiskurinn?

Hann er ágætur. En hvernig er steikin?



e

Hún er ákaflega ljúffeng. Viltu kaffi?

Já þakk.

Þjónn, kaffi fyrir two—og reikninginn^f.




f

c Fiskur

d Tómatar


e Flaska af vini

f Reikningurinn



Þrítugasta og fyrsta (31.) æfing

ÁRSTÍÐIRNAR



Fjórar árstíðir eru í ári: vor, sumar, haust og vetrur. Á vorin vaknar náttúran úr svefni vetrarins. Dagarnir lengjast, næturnar styttast. Sólar^a gætir meir og meir.

Snjórinn hlánar, og ísa leysir af ám og vötnum. Túnin³ grænka, það slær lit í úthaga og loks springur laufið^b út á skógi og kjarri.

*b*

- | | | |
|---------------------|----------------------|-------------------------------|
| 1. Hestur | 3. Tún | 5. Rökstrarkona,
kaupakona |
| 2. Rakstrarvél | 4. Hey | |
| <i>a</i> <i>Sól</i> | <i>b</i> <i>Lauf</i> | |

Með sumrinu hlýnar í veðri. Heitustu mánuðirnir eru júlí og ágúst, en á Íslandi eru þeir oftast svalir. Á sumrin hafa bændurnir^c mest að gera. Þeir vinna á túnum og engjum frá morgni til kvölds. Þeir slá grasið, þurrka það og hirða í hlöður og heystakka^d. Það er að segja: ef veðrið er gott. Þegar þokur og rigningar ganga, hrekst heyið⁴. Á haustin bliknar laufið á trjánum, og grasið^e fölnar og fellur.

*d*

Síðan kemur vetur. Dagarnir verða stuttir og næturnar langar. Það snjóar, frýs og hlánar á víxl.


Á vetrum verða bændur að taka alla gripi, kýr, kindur og hesta, á gjöf. Kýrnar standa inni allan veturinn, en hestum¹ og fé er oft beitt úti, þegar gott er veður og jörð auð.

*e*



Prítugasta og önnur (32.) æfing

LEIKIR OG ÍPRÓTTIR



a

Íslendingar gamlir sem ungar, hafa gaman af að leika sér. Börn fara í blindingaleik^a, skessuleik eða hlaupa höfrungahlaup^b. Þeir, sem búa við sjávarsiðuna, hafa báta, sveitamenn hafa hesta, en bæjarbúar nota reiðhjól eða bíla í skemmtiferðir. Með vorinu fara drengir og unglingsar að iðka knattleika.



b

Það er skemmtilegur leikur, en ég vil heldur lieka tennis.


Því miður kann ég hann ekki. Aftur á móti fer ég oft í sund^c.

Hafið þér steypt yður úr mikilli hæð?

a Blindingaleikur (Skollaleikur)

b Höfrungahlaup

[PRÍTUGASTA OG ÖNNUR (32.) ÆFING]



c



d

Nei, ég hef reynt það, en ekki heppnast. Annars er skemmtilegast að fara í fjallgöngur eða útreiðar að sumrinu, ef veður leyfir.

Hvaða íþróttir iðkið þér á veturna?

Ég fer á skautum^d.—En þér?

Ég fer helzt á skíðum^e. Það er ágæt íþrótt: að fljúga yfir sléttan, hvítan snjóinn á sólheiðum frostdegi og gleyma öllu öðru!



e

Þér segið það satt. Líkamsíþróttir undir beru lofti eru ekki aðeins afar skemmtilegar, heldur og heilnæmar. En þegar veður er óhagstætt, má styttá sér stundir við innileiki, eins og til dæmis leikfimi, skyldingar eða íslenzka glímu.



f

Alveg rétt. Teflið þér skák^f? Spilið þér billjarðar^g?

Já, að nafninu til, en við spilum oftar á spil^h. Annars þykir mér gaman að skák og hef eytt talsverðum tíma í hana.



g



h

c Sund

d Að fara á skautum

e Að fara á skíðum

f Skák

g Billjarður

h Spil



Prítugasta og þriðja (33.) æfing

ÍSLAND



a

Ísland er stór eyja norðarlega í Atlantshafi. Það er minna en England, stærra en Írland. Af nafninu draga útlendingar þá röngu ályktun, að þar sé eilífur ís og snjór. Þar eru að vísu stærstu jöklar^a í Evrópu, háfjöll og gróðurlitlar hásléttur, hraun og eldfjöll^b. En þar eru einnig viðlendar grassléttur og langir, frjósamir dalir. Meira en helmingur landsbúa býr í borgum og þorpum við sjóinn, þar af meira en þriðjungur í Reykjavík, sem er höfuðborg landsins.

a Jökull

74

Loftslag á Íslandi er miklu mildara en búast mætti við, eftir hnattstöðu landssins. Veturnir eru tiltölulega hlýir, en sumurin köld. Skortur á eldiviði hefur hingað til verið mjög tilfinnanlegur, en með nútímatækni hefur mönnum tekist að taka jarðhitann og vatnsaflíð í þjónustu sína til að hita upp gróðurhús^c, sundlaugar^d jafnvel heilar borgir og til að framleiða raforku til ljósa og iðnaðar.



b



c



d

Ísland er stundum kallað Sögueyjan, þenda eru Íslendingar eina þjóðin í Evrópu, sem hefur sannar sagnir af uppruna sínum. Landið byggðist frá Noregi^e og Bretlandseyjum^f seitn á níundu öld. Á þrettándu öld skópu Íslendingar merkar bókmenntir, sem eru sígildar og hafa verið ómetanleg lyftistöng í sjálfstæðisbaráttu þeirra sjálfra, Norðmanna og fleiri þjóða.



f



g

b Eldfjall
c Gróðurhús

d Sundlaug
e Noregur

f Svíþjóð
g Bretlandseyjar



Prítugasta og fjórða (34.) æfing

LÖND OG TUNGUMÁL

Er þetta fyrsta ferð yðar til Íslands?



a

Nei. Ég er fædd á Íslandi, en foreldrar mínir fóru til Danmerkur^a, þegar ég var tíu ára gömul. Faðir minn var sem sé danskur, en móðir míni býzk, og af því að þau töluðu bæði málin heima, þá lærði ég bæði málin á barnsaldri. Annars fékk ég að nokkru leyti menntun mína í Frakklandi^b, og þar lærði ég að tala frakknesku. Ég hef rétt aðeins komið til Spánar^c og Ítalíu^d, en þegar maður kann frakknesku, er ekki erfitt að

- 1. Ítalskur maður
- 2. Frakknesk kona
- 3. Grískur maður

- 4. Enskur maður
- 5. Þýzkur maður
- 6. Íslenzk kona
- 7. Spánsk kona

a Danmörk

76

læra spánsku og ítölsku. Ég hef auðvitað komið til Englands, og ég kunni ensku, áður en ég fór þangað. Ég hef líka farið um Holland og Belgíu^e.

Hvað segið þér um hin Norðurlöndin?



c



b

Ég hef auðvitað komið til Noregs og Svíþjóðar, og norska og sánska eru svo líkar dönsku, að það er enginn vandi að skilja þær.

Hvaða lönd önnur hafið þér ferðaðt um?



d

Ég hef komið til Finnlands, en ég lærði aldrei finnsku. Hún er skyld estnesku og ungversku, en ég hef hvorki komið til Estlands né Ungverjalands. Aftur á móti kann ég dálitið í rússnesku og notaði hana á ferð, sem ég fór, um Rússland, Pólland og Tékkóslóvakíu.




e

- b Frakkland
- c Spánn

- d Ítalía
- e Holland (1), Belgia (2)

77



Þritugasta og fimmta (35.) æfing

BÚÐIR OG VERZLANIR



Ef maður þarf að kaupa eitthvað, þá er að fara í búðir. Á Íslandi eru engin vörudeildahús, þar sem allt fæst, allt frá húsgögnum til ilmvatna^a, heldur aðeins meira eða minna sérhæfðar smásölubúðir og kaupfélög, sem eru almenn á Íslandi. Í smásölunum eða minni búðunum eru til sölu nauðsynlegustu vörur til heimilisþarma. Þar fást nálar^b, tvinni^c, tituprjónar^b og alls konar nauðsynjar, svo sem burstar^d, sóflar^e, skjólur^f eða fötur, leirílát^g, postulín^h, brauð, kaffi, te, sykur, og steinolfa.

1. Búð

2. Búðargluggi

a Ilmvatn

78



3. Tilbúinn fatnaður

4. Gangstéttin

[ÞRÍTUGASTA OG FIMMTA (35.) ÆFING]

Í nýlenduvöruverzlunum eru á boðstólum, auk kaffis og sykurs, alls konar matvörur, niðursuðuvörur og sælgæti. Á Íslandi er drukkið mikið kaffi, og te og kakó er ekki heldur dýrt. En ávextir, t.d. epli, appelsínur og sítrónur, eru bæði sjaldgæfir og dýrir.

Til vefnaðarvöru teljast bæði ullardúkar og bómullarefni, lérefst og silki. Í stað þess að kaupa fataefni er hægt að kaupa tilbúin föt, en menn gera það síður.



Skóverzlanir hafa á boðstólum skó, stígvel, inniskó og skóhlífar. Í bókaverzlunum fást bækur og í ritfangaverzlunum ritföng, pennar,ⁱ blýantar,^j blek og fleira. Tóbak, sigarettur og eldspýtur fást í tóbaksbúðum eða söluturnum. Blöð eru sold á götum úti, en tímarit í bókabúðum.

b Nálar og tituprjónar

c Tvinni

d Bursti

e Sófl

f Skjóla, fata


g Leirílát

h Postulin

i Penni

j Blýantur

79



Prítugasta og sjötta (36.) æfing

Í VERZLUNUM Í REYKJAVÍK

Fyrirgefis Þér, getið þér sagt mér hvar hanzkabúðin er?

Hún er í Austurstræti.

* * * *



Hafið þér brúna leðurhanzka^a fóðraða loðskinni?

Hvaða stærð notið þér?

Ég held það sé sex og hálfst.

Hvernig eru þessir? Setjið þér þá upp.

1. Skór
2. Sokkar

3. Búðarmaður

a Hanzkar

4. Viðskiptavinur
5. Taska, handtaska


Já, þeir virðast vera mátulegir. Hvað kosta þeir?

Sjötíu og fimm krónur.

Gott. Ég ætla að fá þá.—En getið þér nú vísað mér á næstu skóverzlun?

Sjálfsagt, hún er í Bankastræti.

* * * * *




Hafið þér brúna skó?

Með háum^b eða lágum^c hælum?

Meðalháum.


Nú skal ég mæla stærðina. Hér eru skór af yðar stærð.



Reynið þér þá. Hvernig fara þeir yður?

Þeir virðast fara heldur vel á fætinum. En þeir eru samt dálitið þróngir í tána, en líklega víkka þeir við notkun. Hvað kosta þeir?

Hundrað og tíu krónur. Var það nokkuð annað?



Já, ég vildi gjarnan fá sokka^d,^e.—En hvar get ég fengið vasaklúta^e og rakvélablöð^f fyrir manninn minn?

Í næstu búð fyrir neðan.

- b Hár hæll*
c Lágur hæll

- d Sokkar*

- e Vasaklútar*
f Rakvélablöð



Prítugasta og sjöunda (37.) æfing

LEIKHÚSIÐ



a

Þótt Reykjavík sé ekki stór bær, þá er þar að minnsta kosti eitt stórt leikhús, Þjóðleikhúsið, og mörg kvikmyndahús eða bíó, eins og þau eru kölluð ídaglegu tali. Í þeim eru sýndar amerískar, enskar, þýzkar, frakkneskar og norrænar kvikmyndir. Bíó eru líka í flestum smábæjum og þorpum á Íslandi.

1. Forsalur, anddyri

2. Stiginn

a Hljómsveitin

82

Í leikhúsinu eru eigi aðeins sýndir íslenzkir leikir, eins og *Fjalla-Eyvindur*, *Nýársnóttin*, *Hadda-Padda* og *Gullna hliðið*, heldur einnig meistara-verk eftir norrænu höfundana Björnson, Ibsen, Strindberg og Kaj Munk, auk annarra útlendra leikrita.



b



c



d




e

Sorgarleikir og gleðileikir skiptast á við revýur og óperettur, en óperur hafa enn ekki verið sýndar vegna skorts á söngliði. Þó á Reykjavík nú litla hljómsveit^a, sem stundum heldur hljómléika, auk ýmissa sönglistarmannia: organista^b, pianóleikara^c, fiðluleikara^d og söngmanna. Þá má ekki gleyma hinum ágætu karlakórum^e í Reykjavík og víðar um landið.

b Organisti
c Pianóleikari

d Fiðluleikari
e Karlakór




Prítugasta og áttunda (38.) æfing

Í LEIKHÚSINU

Hvað segir þú um að fara í leikhúsíð í kvöld?

Það er ágæt hugmynd. Hvað leika þeir í kvöld?

Fjalla-Eyvind.



a

Það er leikrit eftir Jóhann Sigurjónsson, ef ég man rétt.

Alveg rétt, og leikurinn er byggður á hinum alkunnu þjóðsögnum um Fjalla-Eyvind.

Jæja, við skulum fara. Ég hlakka sannarlega til að sjá leikinn. Þér er betra að fara að ná í aðgöngumiða.

* * * *

1. Leiksviðið
2. Hljómsveitin

3. Stúkan
4. Sæti niðri
a Sæti

5. Neðri svalir
6. Efri svalir

Hafið þér nokkur sæti^a í kvöld? Ég vildi gjarnan fá tvö sæti niðri⁴ í annarri eða þriðju röð, ef hægt væri.

Öll beztu sætin niðri eru, því miður, uppseld. Ég gæti látið yður hafa tvö sæti í tíundu röð, ef þér gætuð notað þau.

Jæja, það er víst nokkuð langt frá leiksviðinu^{1, b}, en við því verður ekki gert . . . þakk fyrir. Hvenær byrjar sýningin?

Klukkan átta.

* * * * *

Niðri,—til hægri. Fatageymsla rétt hérrna. Aðgöngumiðana, ef þér viljið gjöra svo vel . . . þakk . . .

Hérrna eru sætin yðar. Hafið þér leikskrá^c?



c

Nei, látið mig hafa eina . . . Jæja, við skulum setjast. Hljómsveitin² er að byrja að leika. Forleikurinn er að hefjast. Tjaldið^d lyftist. Nú skulum við hlusta.

* * * *

Jæja, hvernig líkaði þér?


Það var ágætt. Ég naut hverrar mínútu af leiksýningunni. Hljómsveitin lék prýðilega, leikurinn var stórkostlegur og fyrirtaksvel leikinn.



b



d



Þrítugasta og níunda (39.) æfing



a




b

Ef ég er ekki vel frískur, fer ég til læknis. Sé ég of veikur til þess að fara til læknis, sendi ég eftir honum. Læknirinn lætur sjúklinginn lýsa sjúkdónum, svo þreifar hann á slageðinni^a, lítur á tunguna og skoðar manninn rækilega. Þegar hann er búinn að ákveða sjúkdóminn, segir hann fyrir um meðferð á sjúklingnum og lætur hann hafa lyfseðil^b.

a Slageðin

b Lyfseðill


[**ÞRÍTUGASTA OG NÍUNDA (39.) ÆFING**]



g



h



k



i Tannbursti
j Tannkrem
k Púðurkvasta
l Varalitur

Ef sjúklingurinn reynist hættulega veikur eða þarf uppskurðar, þá ráðleggur læknirinn honum að fara í hressingarhæli eða sjúkrahús^c, þar sem duglegar hjúkrunarkonur og sérfróðir læknar geta veitt honum eins góða aðhlynningu og aðgerðir og kostur er á. Þegar ég fæ tannpínu^d, fer ég til tannlæknis. Hann rannsakar tönnina, og sé hún ekki mjög skemmd, gerir hann við hana. Ef hún er of mikið skemmd, deyfir hann hana og dregur hana úr mér.

Lyfsalar búa til lyf eftir forskriftum eða lyfseðulum læknanna. Í lyfjabúðum eða apótekum er ekki einungis hægt að fá lyf, alls konar pillur og smyrsl, styrkjandi lyf, hóstadropu, munnskol og fleira þess háttar, heldur líka hreinlætisvörur, svo sem handsápu, raksápu^e og bursta.^f Þar má líka fá hitageyma^g, hitapoka, svampa^h, tannburstaⁱ, tannkrem^j, púðurkvasta^k og varalit^l.

c Hressingarhæli;
sjúkrahús
d Tannpína
e Raksápa

f Rakbursti
Hitageymir
g Svampur

**Fertugasta (40.) æfing****HJÁ LÆKNI**

Má ég fá að tala við lækninn¹?

Nafnið, með leyfi?

Jón Stefánsson.

Gerið þér svo vel.



a

Jæja, hvað gengur að yður, Jón?

Þér ættuð heldur að spryja, hvað gengi ekki að mér. Það er rétt eins og öll hugsanleg veikindi hafi lagzt á mig: Svefnleysi, höfuðverkur^a,



b

1. Læknir
2. Sjúklingur

a Höfuðverkur

3. Skrifbord
4. Skrifstofustóll

88

5. Hlustunarverksfæri
lækna

b Bakverkur

bakverkir^b, magakveisa, meltingarleysi, hægðateppa—fyrir utan allsherjarmáttleysi og þreytu. Til að bæta gráu ofan á svart, hef ég svo kvef og er nú með hálsbólgu^c, síhnerrandi^d og hóstandi. Mér liði sjálfsagt betur, ef ég væri hreinlega dauður.




d



c

Ég vona, að það sé ekki eins slæmt og þér haldið. Þér hafið hraustlegan skrokk, og það virðist ekki vera neitt alvarlegt að yður. En þér eruð alveg útþvældur, og ef þér farið nái ekki vel með yður, er hætta á því, að taugarnar bili. Takið yður langa hvíld,

borðið reglulega, helzt grænmeti^e og ávextif, en lítið kjöt. Látið brugga yður þetta styrkjandi meðal og takið af því tvær matskeiðar þrisvar á dag á undan máltíðum. Ef þér farið eftir þessum reglum, get ég lofað yður fullum bata innan tveggja eða þriggja mánaða.



e



f

- c Hálsbólga*
d Síhnerrandi

- e Grænmeti*
f Ávextir



Fertugasta og fyrsta (41.) æfing

Fyrri hluti

RAKARINN OG HÁRGREIÐSLUKONAN



Rakarinn¹ og hárgreiðslukonan eru orðin ómissandi í þjóðfélaginu. Hvorki karlar né konur, gamlir né ungar, geta komist af án þeirra.

Karlmann verða að láta klippa sig og stýfa skeggið^a, ef þeir hafa skegg. Þeir, sem raka sig ekki sjálfir, verða að láta rakarann gera það. Kvenfólk verður að láta greiða sér, stýfa hárið, leggja það eða liða. Hárgreiðslukonur og rakarar hafa alltaf nóg að gera.



b

- | | | |
|--------------------|-----------|---------------|
| 1. Rakarinn | 3. Bekkur | 6. Þvottaskál |
| 2. Viðskiptavinur | 4. Blað | 7. Klippur |
| 5. (Rakara) sveinn | | |

a Skegg b Blað

90

[FERTUGASTA OG FYRSTA (41.) ÆFING, FYRRI HLUTI]


Á þessari mynd sést inn í rakarastofu. Einn af rökurunum er að klippa einhvern. Annar rakarasveinn er að raka annan mann. Nokkrir viðskiptavinir² sitja á bekk³ og bíða eftir því, að röðin komi að þeim. Einn er að lesa í blaði⁴, b, annar er á förum. Sveinninn⁵, sem afgreiddi hann, er að bursta frakkann hans. Hárið á honum er stýft jafnt og burstað og greitt slétt. Hann hefur líka látið þvo sér um höfuðið^c.



e

Bróðir minn rakar sig með venjulegum rakhníf^d.

Ég raka mig alltaf sjálfur með rakvél^e og þarf þá ekki að eyða tímanum í að fara til rakarans.



d

c Að láta þvo sér um höfuðið

d Rakhnífur

e Rakvél

91

Í RAKARASTOFU

Góðan daginn.

Góðan daginn. Fáið yður sæti. Þér þurfið ekki að bíða mjög lengi . . . Þér eruð næstur.



a

Klipping og rakstur fyrir mig.

Viljið þér láta snöggklippa^a yður eða stýfa rétt lítils háttar af hárinu ?

Þér getið snöggklippt mig á hnakkanum og í vöngunum, en stýft aðeins lítils háttar af hárinu ofan á höfðinu. Þér skiptið hárinu í vanganum^b, en ekki í miðju.

Gott.—Veðrið er þá ekki sem bezt núna fremur en vant er. Sífelld rigning. Ég hef ekkert á móti snjó, en rigningar er mér ekki mikið um.

Mér ekki heldur!

Hvernig líkar yður veturninn hjá okkur ?

Og svona, þegar hann rignir ekki alltof mikið.

Viljið þér láta þvo yður um höfuðið ? Hárið er orðið heldur þurrt. Það hefði gott af þvotti.



b

a Snöggklipptur

b Hann skiptir hárinu í vanganum

Jæja, látið þér mig hafa höfuðbað.

Þér, eruð frá Englandi, er ekki svo ?



c

Jú, ég er hér í verzlunarerindum.

Hárið á yður er farið að þynnast^c ofan á höfðinu.

Vilduð þér reyna eithvað af hármeðulunum okkar ? Ég get mælt með þeim.

Nei, þakk. Ég hef reynt þau mörg, en þau virðast ekki gera mér neitt gott.

Nú ætla ég að bera sápu^d í andlitið^e á yður og raka yður.

Já.

Nú er ég búinn, og þér sýnist vera tíu árum yngri.



d

Þakk. Hvað skulda ég yður ?

Fjórar krónur og fimmtíu aura alls.




e

Þakk fyrir. Sælir.

c Hárið er að þynnast

d Sápa

e Andlitið



Fertugasta og önnur (42.) æfing

Fyrri hluti

TÓBAKSBÚÐ

Ef einhver spryði mig, hvaða búðarglugga¹ væri mest gaman að skoða, þá yrði ég líklega í vandræðum með svarið. Konan míni mundi



b

eflaust kjósa sýningarglugga fatabúðanna og skartgripasalanna með hringum^a, nælum^b og armböndum^c. Elzti sonur minn mundi undireins hugsa um sportvöruverzlanirnar. Krakkarni mundu velja leikfangaverzlanir, en ég mundi sennilega helzt velja tóbaksbúðirnar.



c

1. Búðarglugginn
2. Pípur

a Hringur

3. Vindlakassi

b Næla

4. Vindlingapakki,
sigarettupakki

c Armband




d

Nú reyki ég að vísu ekki mjög mikið, en einhvern veginn hef ég sérstaka ánægju af að sjá hrúgur af ýmislega litu tóbaki, fallegar, gljáfægðar

pípur²,^d, snotra vindlakassa³,^e og vindlingahylki.

Þeir, sem reykja pípu, geta valið um margar tegundir, og vindla er hægt að fá við hvaða verði, sem maður vill.



f



e

Af vindlingum⁴ eru einkum amerískar, enskar, tyrkneskar og egypzkar tegundir. Auk eld-spýtna má hér líka fá alls konar hluti til reykinga, t.d. tóbakspunga, vindla-f og vindlingahylki, munnstykkig, kveikja^h o.s. frv. Í sumum tóbaksbúðum er auk þess hægt að fá súkkulaði og annað sælgæti—og jafnvel póstkort, frímerki, pappír og blöð.



g



h

- d Pípur
e Vindlakassi

- f Vindlahylki

- g Munnstykki
h Kveikir



[Fertugasta og önnur (42.) æfing]

Seinni hluti

Í TÓBAKSÚDINNÍ

Góðan daginn.



a


Góðan daginn. Hvað var það fyrir yður ?

Hafið þér tyrkneskar sígarettur ?

Því miður. Við höfum engar tyrkneskar sígarettur, en við höfum amerískar sígarettur.

Nei, þakk, ég er óvanur þeim. Þá vil ég heldur enskar sígarettur. Hvaða tegundir hafið þér ?

Allar tegundir, en þessar hérna eru beztar.



b

1. Tóbakssalinn

2. Viðskiptavinurinn

a Pakki af sígarettum

3. Pípur

4. Vindlar

5. Tóbakspungar

b Stokkur af eldspýtum

Hvað kosta þær ?

Þær kosta tvær og fimmtíu, pakkinn^a.



c

Gott, látið þér mig fá fimm pakka og tvo stokka af eldspýtum^b.

Má bjóða yður Havana vindla⁴, c ? Við vorum rétt að fá sendingu af þeim.

Nei þakk, ég á ennþá nokkra, en mig vantar tóbakspung⁵, d úr leðri.

Þessi kostar fimm krónur.



d

Gott, ég tek hann. Hafið þér sígarettuhylki^e úr silfri ? Það á að vera gjöf.



e

Já, ég hef þau með ýmsu verði. Þetta hérna er úr hreinu silfri og heldur þungt. Það kostar fjögur hundruð krónur.

Ég ætlaði ekki að kaupa það svo dýru verði. Hafið þér ekki eitthvað léttara og ódýrara ?

Hér er annað. Það er ekki mjög létt, en það kostar aðeins tvö hundruð krónur.

Gott, ég tek það.

c Vindill

d Tóbakspungar

e Sigarettuhylki



Fertugasta og þriðja (43.) æfing

Fyrri hluti

PÓSTHÚSIÐ

Pósturinn ber bréf í hús í bæjunum og á bréfhirðingar í sveitunum. Pósthus eru í hverjum bæ og sums staðar í sveitum. Til að kaupa frímerki ^{a,b,c} eða póstávísanir, senda ábyrgðarbréf



b



a

eða böggla^{1, e} verður maður að fara í pósthúsið. Í anddyri pósthússins má kaupa alls konar frímerki í sjálfsala. Þar eru einnig tölusett pósthólf, sem notendur hafa lykil að og bréf þeirra eru

1. Bögglar
2. Póstkassi

3. Afgreiðsluborðið
4. Maður,
viðskiptavinur
a, b, Frímerki

5. Afgreiðslumaður,
póstþjónn



c

látin í. Númer pósthólfanna eru oft notuð sem utanáskrift bréfa í stað heimilisfangs. Almennt bréf^s eða póstkort^f má setja í næsta póstkassa^{2 d}. Ef á liggur að koma bréfi fljótt, má setja það í loftpóst.

Á myndinni sést inn í póstafgreiðslu. Öðrum megin við borðið³ standa menn⁴ og bíða eftir afgreiðslu, hinum megin póstþjónarnir⁵, sem afgreiða þá. Afgreiðslunni er oft skipt í deildir, og hefur hver deild sitt borð. Ein deildin er fyrir póstávísanir, önnur fyrir frímerkjasölu, þriðja fyrir ábyrgðarbréf o.s.frv.



e

Einn af mönnunum á myndinni er að kaupa frímerki, annar ábyrgð á bréf, en sá þriðji er að skrifa póstávísun. Við vegginn til hægri er borð, þar sem hægt er að skrifa utan á bréf, fylla út eyðublöð fyrir póstávísanir o.s.frv. Vilji menn senda símskeyti, verða menn að fara í símastöðina eða síma það til stöðvarinnar.



d




f



g

- c Frímerki
d Póstkassi*

- e Böggull
g Póstkort*



Fertugasta og þriðja (43.) æfing

Seinni hluti

Í PÓSTHÚSINU

Fyrirgefis Þér, en getið Þér sagt mér, hvar pósthusið er?

Í Pósthusstræti.

Er það langt héðan?

Nei, það er ekki langt, aðeins nokkurra mínútna gangur.

Hvernig kemst ég þangað?

Þér gangið þessa götu³ á enda, snúið svo til vinstri handar og gangið að næsta götuhorni^b. Þar er pósthusið á hægri hönd.

Pakka yður fyrir.

1. Pósthusið
2. Hótel Borg

3. Gatan
4. Gangstéttin

5. Ljósastaur
6. Umferðaljós, götuviti

Viljið þér gera svo vel að láta mig hafa eitt frímerki á bréf innanlands og þrjú á bréf til útlanda? Ég vildi gjarnan setja þetta bréf í ábyrgð.

Asgreiðsla fyrir ábyrgðarbréf er þarna til hægri.

Hvar get ég fengið eyðublað fyrir póstávísun?

Þér fáið það hér.

En hvar er asgreiðsla bréfa, sem liggja í pósthusinu?

Hún er þarna fyrir handan.

Eru nokkur bréf hér til Jóns Jónssonar?

Já, hér eru tvö bréf og eitt póstkort^a.


Gerið þér svo vel.



a

Pakk. Sælar.

Sælir.



b



Fertugasta og fjórða (44.) æfing

Fyrri hluti

ÚTVARP OG SJÓNVARP

Af öllum hugvitsfóstrum mannsandans er útvarpið eitt hið merkilegasta. Með aðstoð útvarpsins er hægt að tala við mann hinum megin á hnnettinum. Menn geta setið heima hjá sér og hlustað^a á hljóMLEIKA í þúsund kílómetra fjarlægð. Í Reykjavík heyrir á hverjum degi, hvað sagt er eða leikið í öðrum löndum.



a

a Að hlusta á útvarp

Ég hef ágætt tæki með loftneti^b eða vír á þakinu, og gefst það mjög vel. Ég þarf ekki annað en snúa snerli^c og stilla viðtækið til þess að geta hlustað á útvarp frá hvaða stöð, sem ég vil. Kunningi minn, Páll Guttormsson, hefur útvarpsgrammóbón^d. Merkilegra en útvarpið er þó sjónvarpið. Með því er ekki aðeins unnt að hlusta á ræður, leiki, óperur, söngleiki, hljóMLEIKA og hljóMSVEITIR, heldur líka sjá, hvað fram fer.




Hver veit, hvað framtíðin ber í skauti sínu af þessu tagi? Ef til vill finna þeir á endanum upp vélar til að lesa í hug manna. En skyldi það koma fyrir, er hætt við, að sumu fólk fari ekki að verða um sel.



d

b Loftnet

*c Að snúa snerli
d Útvarpsgrammóbónn*



[Fertugasta og fjórða (44.) æfing]

Seinni hluti

ÉG HLUSTA Á ÚTVARPID

Hvernig er útvarpíð?

Ég læt það vera. Ég hef reyndar átt bágt^a með að ná í fjarlægar stöðvar upp á síðkastið.



a

Ætti það sé ekki veðrið? Hvaða stöðvar hafið þér verið að reyna að ná í?

Kaupmannahöfn^b, Oslo^c og Stokkhólm^d.

Getið þér náð í útlendar stöðvar?

Já, það er enginn vandi. Ég get náð í flestar stöðvar í Evrópu og jafnvel summar í Ameríku.

a Bágt með útvarpid

[FERTUGASTA OG FJÓRÐA (44.) ÆFING, SEINNI HLUTI]

Við sumar stöðvar nota ég miðbylgjur, aðrar langbylgjur og enn aðrar: þær, sem fjærst eru, stuttbylgjur.

Eigum við að reyna að ná í Helsingfors? Þei! Þulurinn segir, að bráðum verði hljómleikar í samkomusal háskólans og *Finlandia* eftir Sibelius verði leikin. Heyrið þér, að hljómsveitin er að stilla? Nú er byrjað. Stórkostlegt! Að hugsa sér, að við skulum sitja hér í þúsund mílna fjarlægð og hlusta á þetta. Hljómleikarnir eru á enda. Heyrið þér klappið? Nei, það er ekki allt búið enn. Þulurinn segir, að kunn söngkona ætli að syngja norraen þjóðlög. Nú syngur hún *Til austurheims vil ég halda*. Mér leiðist aldrei að hlusta á það, sungið af góðum söngvara eða finnsku karlakórunum.



b



c



d

b Kaupmannahöfn
d Stokkhólmur

c Oslo



Fertugasta og fimmta (45.) æfing

Fyrri hluti

SJÁVARÚTVEGUR, IDNAÐUR, VERZLUN

Um síðstu aldamót var Ísland ennþá landbúnaðarland. Fiskveiðar á opnum bátum¹ stóðu að vísu á gömlum merg, en það var ekki fyrr en með vélbáta- og togaraútgerð þessarar aldar, að þær uxu svo, að þær urðu aðalframleiðslugrein landsbúa og stórframleiðsla á heimsmarkaðinum.



a


- 1. Bátur, togarinn
- 2. Varpan
- 3. Fiskurinn
- 4. Sjómaður, háseti
- 5. Sjórinn, hafið
- 6. Loftið

a Porskur

Auknar fiskveiðar hafa gjörbreytt hag landsmanna. Áður fyrr var helzt veiddur þorskur^a og seldom saltaður til Miðjarðarhafslanda. Nú veiðist þorskur, ýsa, heilagfiski og karfi, er selst fryst eða ís til Bretlands, og síld^b, er selst mest til Eystrasaltslanda.




b



c

Á síðstu árum hafa margar síldarverksmiðjur^c og nokkrar niðursuðverksmiðjur verið byggðar. Lysisframleiðslan hefur á síðari árum selzt til Ameríku.

Verzlun og iðnaður hafa blómgazt á síðari árum í Reykjavík. Verzlinunin við útlönd er mikil sökum fábreyttrar framleiðslu í landinn sjálfu.



d

b Síld

c Síldarverksmiðja

d Sildartunnur



[Fertugasta og fimmta (45.) æfing]

Seinni hluti



a

SAMTAL VIÐ FORSTJÓRANN

Gæti ég fengið að tala við forstjórann í Fiskifélaginu?

Hann er ekki viðlátinn rétt sem stendur. Þér heitið . . . ?

Jóhann Kristjánsson. Hérna er nafnspjaldið mitt. Viljið þér gera svo vel að afhenda það?

* * * *

Sælir, Jóhann, hvað get ég gert fyrir yður?

- | | | |
|----------------|----------------|-----------|
| 1. Forstjórinn | 4. Bréfabakki | 6. Símtöl |
| 2. Kaupmaður | 5. Skjalataska | 7. Skápur |
| 3. Skrifborð | | 8. Skúffa |

a Gera

108

[FERTUGASTA OG FIMMTA (45.) ÆFING, SEINNI HLUTI]

Eins og þér vitið, er ég útgerðarmaður á Seyðisfirði og rek þar auk þess dálítla verzlun. Nú langar mig fyrst til að spyrja yður um sölumöguleika á saltfiski, hraðfrystum þorski og þorskalýsi. Auk þess hef ég á boðstólum dálítið af dilkakjöti, ull og gærum^a.



Hraðfrysta fiskinn er hægt að selja til Englands við góðu verði. Lýsið seljum við til fjörefnarkerksmiðju í Ameríku^b. En nú er vafasamt, hvort hægt er að koma saltfiskinum út. Ef til vill er hægt að selja eitthvað af honum til Suður-Ameríku. En ég hef ekkert að gera með landbúnaðarvörurnar, eins og þér vitið.



c



d



e

Nei, ég bjóst nú ekki við því. En svo þyrfti ég að kaupa dálítið til útgerðarinnar, t.d. veiðarfæri, svo sem net^c, línum^d og öngla^e. Auk þess hefði ég helzt viljað kaupa nýjan bát með vél og öllu saman. Vitið þér, hvar helzt mundi hægt að komast að slíkum kaupum?

Veiðarfæri eru alltaf fyrirriggjandi í Reykjavík. Og ætti það verði ekki einhver ráð með að fá bátinn frá Svíþjóð?


Jæja, þakka yður nú fyrir góð ráð, og verið þér sælir.

^a Ameríka: 1. Norður-Ameríka; 2. Mið-Ameríka; 3. Suður-Ameríka

^c Net

^d Linur

^e Önglar



Fertugasta og sjötta (46.) æfing

Fyrri hluti

LANDBÚNADUR

Ísland hefur verið landbúnaðarland frá landnámstíð. Á Suðurlandi og í Borgarfirði eru ágætir hagar fyrir kýr¹, í Skagafirði ganga hross² sjálfsala árið um kring, en í fjalldöllum og heiðum Norður- og Austurlands er gott undir sauðbú. Bændurnir bjuggu á bæjum³ út af fyrir sig og höfðu þetta hundrað til tvö hundruð fjár⁴, fjóra til sex nautgripi¹, sex til átta hesta², nokkra hunda^{5,a} og einn kött^{6,b} eða svo. Fáeinir bændur höfðu geitur^c og hænsni^d, næstum engir svín^e. Æðarvarp var á stöku stað.



a



b

1. Kýr, nautgripir
2. Hestur, hross

3. Bær, bónabær
4. Kindur, fé

5. Hundur
6. Köttur

a Hundur

b Köttur

Fjárbúskapur og kúabú eru enn undirstaða landbúnaðarins, en margt hesur þó breytzt á síðari árum. Mjólkurframleiðslan hefur aukizt mjög í nærsveitum Reykjavíkur, sömuleiðis hænsnarækt. Loðdýra- og svínarækt hefur sprottið upp og gefist vel.



c



d



e

Með bættum vegum hafa bílarnir leyst hestana af hólmi. Heyframleiðsla^g hefur verið aukin með notkun útlends áburðar. Garðrækt hefur farið í vöxt. Nú rækta menn mikið af kartöflum, rósum, gulrótum, káli^f o.fl. Í gróðurhúsum rækta menn nú við laugahita eigi aðeins ýmislegt grænmeti, eins og tómata, heldur einnig melónur og jafnvel vínber og banana.



f



g

- c Geit
d Hænsni

- e Svín
g Heyframleiðsla (heyskapur)

- f Kartöflur, rófur,
gulrætur, kál



Fertugasta og sjötta (46.) æfing

Seinni hluti

SAMTAL UM BÚSKAP

Sæll vert þú! Hvar hefur þú aliðmanninn?

Ég hef verið uppi í sveit. Ég fór að heimsækja bróður minn.



Hvað varstu að gera hjá honum? Hvíla þig?
Já, ég fór þangað til að reyna að hressa upp á taugarnar. Svo var ég líka að athuga framfarirnar í búskapnum hjá honum.

1. Æðarvarp

2. Æðarbliki

3. Æður

a Dráttarvél

112

[FERTUGASTA OG SJÖTTA (46.) ÆFING, SEINNI HLUTI]

Bróðir þinn kvað vera búmaður hinn mesti.

Hann býr vel á Torfastöðum. Hann hefur sléttáð túnið, veitt vatni á engjarnar og fær nú fimm hundruð hestum meira af heyi en áður. Hann hefur notað dráttarvélar^a við jarðabæturnar, og hann slær^b og rakar^c með vélum.



c

Á hann ekki líka góða gripi?

Jú, það eru allt saman kynbótagripir.



d

Pér hefur víst liðið bærilega í þessari paradís!

Þú, getur því nærri. Það spillti ekki fyrir, að við fórum einn daginn að veiða lax^d á stöng í Laxá. Annan daginn fórum við fram í Æðey að ganga æðarvarp¹, sem hann á þar. Svo fengum við nokkuð af eggjum og dún og skutum sel^e á sundinu.



e

Ég held ég verði að fara upp í sveit, næst þegar ég fæ leyfi.

Þú gætir gert margt verra. Vertu nú sæll!

b Hann slær

c Hann rakar

d Lax

e Selur

ÍSLENZKIR HESTAR

*a*


Nú er hægt að fara í bílum frá Reykjavík austur í sveitir og alla leið austur á Síðu. Á sama hátt má fara vestur og norður um land allt austur á Fljótsdalshérað og Austfjörðu. En um svæðið frá Fljóts-hverfi að vestan til Suðursveitar að austan er enn ófært bifreiðum að mestu vegna hinna miklu jökulvatna á þessum slóðum.

*b**c*


Í þessum sveitum er hesturinn enn ómissandi, því að árnar verða ekki farnar öðruvísi en á hestbaki. Sumir hestar eru sérstaklega traustir vatnahestar^a, aðrir eru reiðhestar^b og enn aðrir

a Vatnahestar*b* Reiðhestar*c* Brokk

ábúrðar- og dráttarhestar. Reiðhestar mega ekki vera latir og eiga helzt að kunna allan gang: brokk^c, valhopp, stökk^d, skeið^e og tölt^f. Tölt-hestar eru venjulega þýðastir allra hesta, en áburðarjálkar hastastir.

*d**e**f*

Íslenzkir hestar eru margvíslegir að lit: gráir, bleikir, jarpir, brúnir, rauðir og skjóttir. Eftir litnum eru þeir kallaðir Gráni, Bleikur, Jarpur, Brúnn, Rauður og Skjóni,—eða Grána, Bleik, Irpa, Brúnka, Rauðka og Skjóna, ef það eru merar eða hryssur.

*d* Stökk*e* Skeið*f* Tölt



[Fertugasta og sjöunda (47.) æfing]

Seinni hluti

AD LEGGJA AF STAD

Er ekki farið að sækja hestana²?

Jú, strákarnir eru að koma með þá.



a

Nú ætla ég að ríða Grána, en þér skuluð ríða Rauðku, hún er þýðari. Svo teymum við sinn hestinn hvor, úr því að við höfum tvo til reiðar, en Skjóna munar ekki um að halda á töskunum.

Hver kemur þarna lausríðandi á skjóttum? O, það er drengurinn með Skjóna.

1. Áin

2. Hestur

3. Hundur

a Hnakkur

[FERTUGASTA OG SJÖUNDA (47.) ÆFING, SEINNI HLUTI]

Jæja, þá er bezt að leggja á klárana. Drengir, þið leggið hnakkana^a á Grána og Rauðku, en reiðinginn á Skjóna. Gáið að því að beizla þann gráa með mínu beizli^b. Það er beizlið með nýja höfuðleðrinu, látúnss töngunum og brugðnu taumunum. Þið leggið taumbeizlið við þann

skjótta. Gætið að því, að gjarðirnar séu heilar og móttökin í lagi, en girðið þið nú ekki of fast á aumingja klárnum. Það er alltaf hægt að herða á gjörðunum síðar. Þið leggið hnakkinn hans Jóns á hana Rauðku. Það er nyi hnakkurinn með járnistöðunum^c og hnakktöskunni.

Gleymið þið nú ekki að spenna reiðann á klárnum.

Þá er nú ekki annað eftir en kveðja fólkid og fara á bak.—Réttu mér svipuna^d mína drengur. Og verið þið nú öll blessuð og sæl!



c



b



d

b Beizli

c Ístað

d Svipa

ÍSLENZKAR FORNBÓKMENNTIR

Íslenzku bókmenntirnar eru merkari þáttur í lífi þjóðarinnar en flestir útlendingar mundu gera sér í hugarlund. Þær hefjast á landnámstíð og ná óslitið til vorra daga. Þeir Norðmenn, er settust að á Íslandi fyrir rúnum þúsund árum, höfðu með sér út þangað goðakovæði og hetjukvæði, er lifðu á vörum fólksins og juku kyn sitt, þar til þau voru fest á bók á þrettándu öld. Þessi kvæði hafa verið kölluð Eddukvæði, en bókin *Sæmundar Edda*.

Íslendingar hinir fornu ortu mjög lofkvæði um konunga á Norðurlöndum. Þessi svokölluðu *dróttkvæði* komu síðar í góðar þarfir sagnaritum á tólfu og þrettándu öld sem sögulegar heimildir um Noregskonunga, Orkneyjarla og Danakonunga.

Frægast fornskálða á Íslandi var Egill Skallagrímsson, en frægastur sagnaritari á tólfu og þrettándu öld Snorri Sturluson. Hann reit *Heimskringlu* um Noregskonunga og *Snorra Eddu*, kennslubók

fyrir ung skáld. Samtímis honum og eftir hans daga voru uppi höfundar þeir, er ritað hafa hinar frægu *Íslendinga sögur*.

Sumar þeirra eru svo vel ritaðar, að þær skipa virðulegan sess í heimsbókmenntunum. Af þeim má nefna *Eglu*, *Laxdælu*, *Grettlu* og *Njálu*, sem er þeirra bezt. Af styrttri sögum má benda á *Hrafnkötlu*. Höfundar þessara sagna létu aldrei nafns síns getið.



NÝJAR ÍSLENZKAR BÓKMENNTIR



a



b



c



d



e



f

Eftir siðaskipti hófst prentun undir handarjaðri biskupa, er réðu útgáfunni fram undir átján hundruð og prentuðu nálega eingöngu guðsorðabækur. Bezt verk af því tagi voru *Passíusálmar* Hallgríms Péturssonar. En fólkið hélt áfram að lesa skrifaðar sögur og rímur fram á nítjándu öld. Á sautjándu öld komust sögurnar til vegs og virðingar á Norðurlöndum. Á Íslandi höfðu sögur og Eddur mikil áhrif á rómantísku skáld nítjándu aldarinnar: Bjarna Thorarensen^a, Jónas Hallgrímsson^b, Grím Thomsen^c, Benedikt



g



h



i



j



k



l

Gröndal^d, Matthías Jochumsson^e og fleiri. Þegar Jón Thoroddsen^f skrifaði fyrstu skáldsöguna, *Pilt og stúlk*, á íslenzku, voru áhrif sagnanna enn greinileg. Raunsæismennirnir Gestur Pálsson^g og Einar H. Kyaran^h héldu áfram skáldsagnagerð. Helztu raunsæisskáldin voru Þorsteinn Erlingssonⁱ og Stephan G. Stephansson^j. Skömmu fyrir aldamót reis ný hugsæistefna eða nýrómantík, og varð Einar Benediktsson^k höfuðskáld hennar. Jóhann Sigurjónsson^l vann Evrópufrægð með leikritinu *Fjalla-Eyvindur*.

- a Bjarni Thorarensen
b Jónas Hallgrímsson
c Grímur Thomsen

- d Benedikt Gröndal
e Matthias Jochumsson
f Jón Thoroddsen

- g Gestur Pálsson
h Einar H. Kyaran
i Þorsteinn Erlingsson

- j Stephan G. Stephansson
k Einar Benediktsson
l Jóhann Sigurjónsson

ÍSLENZKAR ÞJÓÐSÖGUR**ÝSA VAR ÞAÐ, HEILLIN!**

Einu sinni mættust tvær kerlingar á ferð. Þær áttu heima langt hvor frá annarri, svo þær þurftu nú svo sem að setjast niður og segja hvor annari tíðindin úr sinni sveit. Þær sáu, að þær gátu slegið tvær flugur í einu höggi, svo þær töku upp hjá sér sjálfskeiðinga og mat og fóru að fá sér bita. Þeim bar nú margt á góma, og meðal annars segir önnur kerlingin, að það hafi nýlega rekið fjarskalega fágætan fisk í sinni sveit. Hin spyr, hvaða fiskur það hafi verið, en það man hún ómögulega. Þá fer hin að telja upp ýmsa fiska, sem hún mundi estir, en aldrei átti hún kollgátuna.

“Ekki vænti ég, að það hafi nú verið stökkull?” “Og sussu nei.” “Það skyldi þó aldrei hafa verið marhnútur?” “Vertu í eilifri náðinni. Ekki hétt hann það.” “Það hefur þó víst ekki verið skata?” “Issi, sissi, nei.” “Nú, það mun þó ekki hafa verið ýsa?” “Jú, ýsa var það, heillin!” sagði þá hin og hnippi í lagskonu sína, en til allrar óhamingju mundi hún ekki estir því, að hún var með opinn hníf í hendinni, svo hnífurinn fór á hol í síðuna á hinni kerlingunni, og sálaðist hún þar að vörmu spori.

KIRKJUSMIÐURINN Á REYNI

Einu sinni bjó maður nokkur á Reyni í Mýrdal. Átti hann að byggja þar kirkju, en varð naumt fyrir með timburaðdrætti til hennar. Var komið að slætti, en engir smiðir fengnir, svo hann tók að ugga að sér, að kirkjunni yrði komið upp fyrir veturinn. Einn dag var hann að reika út um tún í þungu skapi. Þá kom maður til hans og bauð honum að byggja kirkjuna fyrir hann. Skyldi bóndi segja honum nafn hans, áður en smíðinni væri lokið, en að öðrum kosti skyldi bóndi láta af hendi við hann einkason sinn á sjötta ári. Þessu keyptu þeir. Tók aðkomumaðurinn til verka. Skipti hann sér af engu nema smíðum sínum og var fáorður mjög, enda vannst smíðin undarlega fljótt, og sá bóndi, að henni mundi lokið nálægt sláttulokum. Tók bóndi þá að ógleðjast mjög, en gat eigi að gert. Um haustið, þegar kirkjan var nærrí fullsmíðuð, ráfaði bóndi út fyrir tún. Lagðist hann þar fyrir, utan í hól nokkurn. Heyrði hann þá kveðið í hólnum, sem móðir kvæði við barn sitt, og var það þetta:

Senn kemur hann Finnur,
faðir þinn, frá Reyn,
með þinn litla leiksvein.

Var þetta kveðið upp aftur og aftur. Bóndi hressist nú mjög og gekk heim til kirkju. Var smiðurinn þá búinn að telgja hina seinustu fjöl yfir altarinu og ætlaði að festa hana. Bóndi mælti: “Senn ertu búinn, Finnur minn.” Við þessi orð varð smiðnum svo bilt, að hann felldi fjölinu niður og hvarf. Hefur hann ekki sézt síðan.

HEYHIRÐINGIN

Einu sinni átti Sæmundur fróði mikið af þurri töðu undir, en rigningarlega leit út. Hann biður því allt heimafólk sitt að reyna að ná heyinu saman undan rignungunni. Kerling ein var hjá honum í Odda, mjög gömul, er Þórhildur hét. Prestur gengur til hennar og biður hana að reyna að haltra út á túnið og raka þar dreifar. Hún segist skulu reyna það, tekur hrísu og bindur á hrífskaftsendann hettu þá, sem hún var vön að hafa á höfðinu, og skjögtir svo út á túnið. Áður en hún fór, segir hún við Sæmund prest, að hann skuli vera í garðinum og taka á móti heyinu, því vinnumennirnir verði ekki svo lengi að binda og bera heim.

Prestur segist skuli fylgja ráðum hennar í því, enda muni þá bezt fara. Þegar kerling kemur út á túnið, rekur hún hrísuendann undir hverja sátu, sem sætt var, og segir: "Upp í garð til Sæmundar!" Það varð að áhrinsorðum, því hver baggi, sem kerling renndi hrífskaftinu undir með þessum ummælum, hvarf jafnóðum heim í garð. Sæmundur segir þá við kölska og ára hans, að nú sé þörf að duga að hlaða úr. Að skömmum tíma liðnum var allt heyið komið í garð undan rignungunni.

Á eftir sagði Sæmundur við kerlingu: "Eitthvað kannt þú, Þórhildur mínn." Hún segir: "Það er nú lítið og mest allt gleymt, sem ég kunní í ungdæmi mínu."

NÁTTTRÖLLIÐ

Það var á einum stað, að sá, sem gæta átti bæjarins á jólanóttina, meðan hitt fólkioð var við aftansöng, fannst annaðhvort dauður að morgni eða æðisgenginn. Þótti heimamönnum þetta illt, og vildu fáir verða til að vera heima jólanóttina. Einu sinni býðst stúlka ein til að gæta bæjarins. Urðu hinir því fegrir og fóru burtu. Stúlkan sat á palli í baðstofu og kvað við barn, sem hún sat undir. Um nóttina er komið á gluggann og sagt:

Fögur þykir mér hönd þín
snör mín en snarpa, og dillidó.

Hún hefur aldrei saur sópað,
ári minn, Kári, og korriró.

Fagurt þykir mér auga þitt,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Aldrei hefur það illt séð,
ári minn, Kári, og korriró.

Fagur þykir mér fótur þinn,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Aldrei hefur hann saur troðið,
ári minn, Kári, og korriró.

Dagur er í austri,
snör mín en snarpa, og dillidó.

Stattu og vertu að steini,
en engum þó að meini,
ári minn, Kári, og korriró.

Hvarf þá vætturinn af glugganum. En um morguninn, þegar fólkioð kom heim, var kominn steinn mikill í bæjarsundið, og stóð hann þar æ síðan. Sagði þá stúlkan frá því, sem hún hafði heyrt (en ekkert sá hún, því hún leit aldrei við), og hafði það verið nátttröll, sem á gluggann kom.

FYRSTI KAFLI

SÉRHLJÓÐ

- | | | | | |
|-----|-------|--------|---------|--------|
| a: | faðir | hatur | mann | hattur |
| á: | skál | bátur | skáld | átt |
| e: | vera | meta | verri | mettur |
| é: | hér | él | hérna | fékk |
| i: | vinur | vita | vinna | hitta |
| í: | íſ | hvítur | á ísnum | hvítt |
| o: | gola | votur | volgur | gott |
| ó: | skóli | mót | hóll | flótti |
| u: | munur | lukum | munnur | klukka |
| ú: | hún | hús | brúnni | stúlka |
| æ: | mæla | mæta | mældi | hætta |
| ö: | vör | vök | börn | sökk |
| au: | aurar | haus | haust | autt |
| ei: | ein | reipi | einn | heitt |

Sérhljóð á undan <i>ng</i> , <i>nk</i> :	langur banki enginn þing kongur ungur munkur þróngur
Sérhljóð á undan <i>gi</i> , <i>gj</i> :	daginn bænn segja eyja segir eigir stigi mygi Bogi hugi lögin hauginn

SAMHLJÓÐ

- | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|----|-------|--------|--------|--------|--------|--------|-------|--------|------|-------|--------|-------|---------|-----------|---------|--------|-------|-------|-------|-------|-------|------|-------|------|
| b: | lamb | kobbi | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| d: | landi | saddur | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| ð: | eða | bað | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| f: | faðir | kaffi | hafa | horfa | haf | horf | efta | hefna | afl | höfn | hefndi | hefnt | | | | | | | | | | | | |
| g: | gata | rigna | sigla | Helga | hanga | bjarga | Sigga | höggva | högg | geta | gjamma | Helgi | dyngja | Siggi | beggja | eiga | sagði | sigra | lag | sög | hugsa | sagt | segja | segi |
| h: | heima | hjarta | hlutur | hnífur | hrútur | hvað | hvíld | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| j: | já | Björn | brjóta | fliða | hrjóta | snjór | telja | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| k: | kaka | knútur | akrar | vökva | bankar | tak | hönk | brekka | þökk | ökkli | lækna | kemur | Kjartan | Reykjavík | skammur | skemma | verka | verki | hálka | slíkt | taktu | | | |

- l: lifa ljúfur öl hlaupa elta stelpa stúlka dufl fugl gutl
 rusl
 m: maður koma hólmur höm kemba komma fimm fimmtí
 hempa
 n: nál vani lán sandur manni mann hnifur höfn vagn
 vopn vatn bákn vanta brúnn tónn brúnni þing þingi
 þings hrингur hrингja hrингdi banki krankur hrингt
 rigna rigndi rignt dansa túnjaðar
 p: penni api lepja liprir hampur tap hamp heppinn
 krappra happ heppni epli skepna spinna verpa stelpa
 hempa skips keypti
 r: renna rjúka vera efri neðri vor jörð arga verri kyrr
 hrífa verpa erta verk karl varla barn stjórna

SAMHLJÓÐ (FRAMHALD)

- s: sól snjór vasi Esja tvisvar laus dansa flaksa hestur
hissa hvassra hvass
t: tími tjón trjóna ata etja vitrir vanta met mynt hittum
brattra bratt hittni vettlingur vatn standa hefta vigt
hertur elta skemmta vanta
v: vera svara því höggva hvað
x: sex lax
þ: þunnur þykkur

ANNAR FRAMBURÐUR

- p, t, k: api ata vaka lepja vitrir vökva
 l, m, n + p, t, k: stelpa stúlka hampur fimmti vanta mynt
 banki krankur hrингt
 hv: hvað hvild
 fð, gð: hafði sagði